

# Er einhver möguleiki á friði milli Ísraels og Palestínu?

Þessar línur eru ritaðar í Nablus, um 200 þúsund manna borg á miðjum Vesturbakkanum, um 65 km fyrir norðan Jerúsalem. Um svipað leyti og mig bar að garði bættist lið 300 vopnaðra manna við lögregluna sem fyrir er. Yfirlýstur tilgangur er meðal annars að halda aftur af vopnuðum glæpahópum og þá er ekki átt við vopnaðar sveitir Al-Aqsa píslarvottanna, sem tengdar eru Fatah, né aðra hópa sem veita ísraelska árárhernum vopnaða andspyrnu og halda honum hugsanlega frá því að gera daglegar árásir inn í Gömlu borgina. Þrátt fyrir fullkominn vopnaðnað og leynipjónustu treystir herinn sér ekki til að mæta þessum ungu mönnum augliti til auglits og í sínum eigin búningum, heldur eru sendar inn aftökusveitir, sem eru dulbúnar sem óbreyttir borgarar.

## Linnulausar árásir Ísraels hers

Árásir hersins inn í Nablus, og sérstaklega flóttamannabúðir eins og Balata, eru nokkuð sem íbúarnir hér hafa mátt þola nánast látlaut frá því í apríl 2002, þegar Ísraels her gerði innrás í allar borgir og bæi Palestínumanna og lögðu að nýju undir sig öll svæðin sem merkt voru sem A-svæði í Oslóarsamkomulaginu, og áttu að vera að fullu og öllu undir stjórn Palestínumanna. Þetta voru ekki stór svæði, og náðu til dæmis varla út fyrir borgarmörkin hér í Nablus. Á B-svæðum Vesturbakkans ræður Ísraels her yfir öryggismálum – og raunar öllu sem hann kærir sig um. Sveitarstjórnarmál eru í höndum Palestínumanna, en herinn og landtökulið eru alls staðar nærri. Hér í Nablus gnæfa landtökubýggðir og herstöðvafyrirborgina, þaðan sem fylgjast má með hverri hreyfingu Palestínumanna og gera árásir. Þannig er þetta líka úti á landsbyggðinni, þar sem ég fór um í dag með færanlegri sjúkrahönd til einangraðra þorpa sem Læknishjálparnefndirnar



Eftir Svein Rúnar Hauksson

(PMRS) sjá um að veita heilsugæslu, þar á meðal mæðravernd og almennar heimilislækningar. Iðulega eru gerðar árásir á þessar byggðir, bæði þorp og stærri bæi. Tilgangurinn leynir sér ekki – að hrekja íbúana á brott frá þessu gróðursæla landi.

Það er ekki margt sem bendir til þess að Ísraelsstjórn hafi áhuga á raunverulegum friði. Fram að þessu fær fólk ekki annað séð en að friðarviðræður hafi allan tímann verið skálkaskjól til að auka á hernámið, stækka landtökubýggðirnar og fjölga gyðingum í landi Palestínumanna. Með því að viðhalda stríðsástandi er Bandaríkjastjórn haldið í gíslingu gífurlega auðugra og valdamikilla þrýstihópa í Bandaríkjunum sem hafa undirtökin á Bandaríkjaþingi þannig að nánast hver einasti þingmaður virðist háður þessum hópum og greiðir atkvæði ekki bara í þágu Ísraels heldur í þágu öfgafyllstu aflanna þar, trúarofstækisliðs sem er hvað mest áberandi í Hebron en líka á fjölmörgum öðrum svæðum, og líka í ríkisstjórninni.

## Hefur ástandið lagast á Vesturbakkanum?

Ætla mátti að framkoma Ísraels hers skánaði eitthvað við tilkomu bráðabirgðarstjórnar sem Abbas skipaði, með Fayed sem forsætisráðherra, mann sem er velmetinn af bæði Ísraels- og Bandaríkjastjórn. Því fer þó víðsjarri.

Hernám verður líka alltaf hernám. Árásum hefur síður en svo fækkað og í hverri viku eru óbreyttir borgarar myrtir af Ísraels her, bæði á Vesturbakkanum og Gaza. Konur, börn, eldri borgarar og fatlaðir liggja ekki síður í valnum en aðrir. Á móti koma árásir vopnaðra hópa (sem ekki lúta stjórn Hamas) á Sderot, sem er ísraelsk byggð rétt hjá landamærunum við Gaza. Lengra ná heimatilbúnar eldflaugar þessara hópa ekki. Þetta eru einskonar rörsprengjur, ekki mikið stærri en raketur. Þær valda samt skelfingu, og undanfarin tíu ár hafa tíu manns fallið í valinn af þeirra völdum, það er að segja einn á ári. Í tengslum við heimsókn utanríkisráðherra Íslands til Ísraels og Palestínu síðastliðið sumar var Sjónvarpið með mjög ýkta mynd af afleiðingum þessara árása og sögðu hundrað manns hafa fallið og þúsundir særst. Minnst var á Beit Hanoun í sambandi við uppruna skeytanna, en ekkert minnst á fjöldamorð Ísraels hers þar á síðastliðnu ári, né afleiðingar gífurlegra loftárása og stórskotaárása á þann bæ og flóttamannabúðir, þótt ekki sé annað. Svo bara sé minnst á eina árárhernu á Beit Hanoun voru afleiðingar þeirra í mannlífum 20-faldar miðað við mannfall í Sderot á heilu ári.

## Átökin milli Fatah og Hamas

Klofningur stærstu fylkinganna, Fatah og Hamas, kom upp á yfirborðið eftir kosningasigur sem Hamas vann í janúar í fyrra. Í kjölfar þeirra féllst Abbas forseti á að samtökin stæðu fyrir stjórnarmyndun í mars 2006. Hamas dugðu 44% til að fá um 60% þingmeirhluta vegna kosningafyrirkomulagsins, sem fól í sér nokkurs konar einmenningskjördæmi að hluta til. Fatah gekk illa að sætta sig við kosningarútslitin, sem áttu þó ekki að koma á óvart miðað við úrslit í sveitarstjórnarkosningum árið áður.

Framhald á bls. 2

# Strategía Ísraela og flokka- drættir meðal Palestínnumanna

Í haust fréttist að Ísraelar hefðu lýst Gaza-svæðið „óvinveitt svæði“ og ætluðu sér að „lamba“ það og einangra, meðal annars með því að skera á rafmagn, samgöngur og eldsneytis- og matvælaflutninga. Þeir báru það fyrir sig að þeir yrðu að bregðast við linnulausum eldflaugaárásum frá svæðinu. Það þarf enginn að undrast að þeim hafi ekki tekist að stöðva árásirnar með hernaði, því árásirnar eru einmitt svar við hernaði. Þeim mun aldrei linna á meðan Ísraelar halda áfram að beita Palestínnumenn ofbeldi. Ísraelar eru að reyna að slökkva bál með því að hella bensíni á það.

Í júní síðastliðnum komu Hamas-menn í veg fyrir yfirvofandi valdarán stríðsherrans Dahlan og hafa síðan haft óskoraða forystu fyrir Palestínnumönnum



Eftir  
Véstein  
Valgarðs-  
son

á Gaza. Ísraelar hafa ekki viljað semja við Hamas-menn vegna þess að Hamas hafa ekki fallist einhliða á allar kröfur Ísraela fyrirfram og hafa ekki viljað byrja á skilyrðislausri uppgjöf og byrja svo að semja. Þess vegna hafa Ísraelar haldið áfram að þjarma að óbreyttum borgurum á Gaza og lýst sig óvinveitta þeim, öllum á einu bretti. Með því að halda Hamas

úti í kuldanum styrkir Olmert stöðu sína heima fyrir og þrengir um leið að pólitískum og diplómátskum valkostum Palestínnumanna.

## Divide et impera

En það vakir fleira fyrir þeim en bara að þjarma að Hamas. Með því að kyrkja Gazaströnd eru Ísraelar nefnilega að tefla einn leik í stærri strategíu, sem felst í því að splundra Palestínnumönnum innbyrðis og kljúfa forystu þeirra með því að skerpa innri mótsetningar meðal þeirra. Innan Hamas eru bæði hófsamari armur, sem fylgir kannski helst Ismail Haniyeh á Gaza, og róttækari armur sem lítur frekar til Khaled Meshaal í Damaskus. Með því að sniðganga Haniyeh og félagar og loka á möguleika þeirra til þess að

## Er einhver möguleiki á friði milli Ísraels og Palestínu?

Framhald af forsiðu

Margir spyrja sig hver úrslit kosninga yrðu nú, ef sömu aðilar tækju þátt. Heimildarmenn mínir telja engan vafa á því að Hamas-samtökin hafi mun sterkari stöðu en Fatah, njóti meiri vinsælda og virðingar. Ísraelska leyniþjónustan mun líka hafa gert bandarísku leyniþjónustunni, CIA, grein fyrir því að ef frjálssar kosningar færu fram núna myndu Hamas-samtökin vinna, líka á Vesturbakkanum.

CIA gegnir hér hlutverki sem milli-liður milli ísraelsku og palestínsku stjórnvaldanna og hefur gert það frá dögum Arafats forseta. Dayton hershöfðingi er á ferð og flugi, meðal annars í Nablus fyrir fáeinum dögum, og leggur á ráðin um öryggismál Palestínnumanna eins og það kallað. Eins og er nær það bara til Vesturbakkans, en áður en Hamas ruddi til á Gaza var CIA á fullu þar að vopna, fjármagna og leiðbeina öryggissveitum palestínsku stjórnvaldanna sem voru undir stjórn Fatah-foringjans Dahlan. Hann var nokkurs konar stríðsherra á Gaza sem ætlaði sér að ryðja kjörnum stjórnvöldum úr vegi með aðstoð frá Ísrael og Bandaríkjunum. Sú aðstoð var veitt fyrir opnum tjöldum, bæði fjármagn og vopn, eins og fréttir greindu frá.

Hamas-samtökin voru fyrri til og komu í veg fyrir yfirvofandi valdarán. Þau voru



hins vegar sókuð um valdarán af hálfu Fatah, Ísraels og vestrænna fjölmiða. Það passaði einhvern veginn illa saman að Hamas-samtökin væru að gera valdarán. Þau höfðu jú verið kjörin til valda og þurftu því vart á slíku að halda. Sterki maðurinn á Gaza, eins og Dahlan hafði verið kallaður, beið ekki bara lægri hlut á Gaza. Hann lét sig hverfa í sjálfskipaða útleið, eftir að vera sviptur titlinum sem þjóðaröryggisráðgjafi Abbas.

## Frá Nablus til Anapolis

Framundan er friðarráðstefna sem Bush Bandaríkjaforseti ætlar sér að halda í Anapolis, sennilega hugsað sem tilbreyting frá Camp David. Ráðstefnan hefur nú, eftir því sem nær dregur, minnkað í meðförum bæði ráðamanna og Condólísu Rice í fund og óvist hverjir

láta sjá sig þar. Bandaríkjastjórn þarf á því að halda að ná einhverjum árangri í Palestínnumálinu, lægja öldurnar þar til að geta einbeitt sér að Íran. Talið er um að endurlífga Vegvísinn til friðar, en gífurlegan þrýsting þarf á Ísrael til að stjórnvöld þar fáist til að fara eftir honum. Á hinn bóginn verður Bandaríkjastjórn að tryggja Abbasi niðurstöðu á Anapolis-fundinum, sem er boðleg bæði á Vesturbakkanum og á Gaza, og sem palestínskt flóttafólk sér sem viðurkenningu á sínum rétti. Allt annað er til einskis og leiðir ekki til friðar. Fundur Abbasar nýverið með leiðtogum Hamas á Vesturbakkanum, þeim sem enn ganga lausir, var hluti af undirbúningnum, sem og fundur Daytons hér í Nablus, fjölmennustu borginni á Vesturbakkanum. Allra hluta vegna verður vonast eftir jákvæðri niðurstöðu af Anapolis-fundinum, þótt fundarboðandinn sé ekki ýkjatraustverður og ísraelsk stjórnvöld hafi á engan hátt sýnt að þau stefni að friðsamlegri lausn sem byggir á réttlæti, alþjóðalögum og samþykktum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það er hins vegar sú leið sem palestínska þjóðin hefur valið og um þá leið stendur hún sameinuð.

Höfundurinn er formaður Félagsins Ísland-Palestína



taka þátt í friðarferli, þá veikja Ísraelar þá og styrkja um leið stöðu Meshaal og félaga innan Hamas, og stuðla þannig að klofningi í röðum Hamas-manna sjálfra, milli róttækari, trúarlegri og herskárri armsins og sveigjanlegri, þjóðernislegri stjórn málaarmsins.

Hamas unnu afgerandi sigur í kosningunum hér um árið vegna þess að þá var staða þeirra nokkurn veginn á hreinu og allir vissu fyrir hvað samtökin stóðu. Í sigrinum fólst sú áskorun að samtökin þyrftu að axla formleg völd og taka þátt í „venjulegum“ stjórn mála á þess að gefa eftir og án þess að glata trausti almennings. Það er auðvitað kúnt að gera slíkt, og þótt þeim hafi að mörgu leyti tekist vel upp með það, er staða þeirra ekki eins skýr eftir sem áður, og innri togstreitan meiri.

Síðasta sumar kom þessi innri sundurleitni meðal annars fram í því þegar al-Qassam-herdeildir Hamas gerðu áhlaup á ísraelska herstöð og tóku hermann sem gísl. Það var rétt eftir að Haniyeh og félagar komust að sögulegri málamiðlun með því að undirrita „fangarúm kvæðið“, sem felur meðal annars í sér að stefnt skuli að ríki innan 1967-landamæranna – það er að segja, að Ísrael skuli óbeint viðurkennt. Árásin kom Haniyeh og félögum á óvart, og eru böndin talin berast að Meshaal – og þá varpar atvikið ljósi á innri togstreituna og hvernig hann reynir að styrkja sig í sessi innan hreyfingarinnar, og um leið treysta tengsl Hamas við m.a. Hizbollah-samtökin og önnur öfl utan Palestínu á meðan Haniyeh-armurinn hefur frekar nálgast þjóðlegri öfl, á borð við Fatah.

Annar klofningur sem blasir við öllum er auðvitað sá sem er milli Hamas og Fatah. Stríðsherrann Dahlan á Gaza, sem áður er getið, var mikil ógn við stöðu Hamas. Þegar þeir sáu sig tilneydda til að láta til skarar skríða gegn honum, og öðrum vafasömum Fatah-mönnum,

var það aðeins tímaspursmál hvenær Dahlan, samverkamaður Ísraela og Bandaríkjastjórnar, gengi milli bols og höfuðs á þeim. Því er ekki að neita, að menn eins og Mohammed Dahlan rýra trúverðugleika Fatah-hreyfingarinnar. En um leið er nauðsynlegt að athuga að það er hæpið að dæma Fatah-hreyfinguna út frá einum leiðtoga. Þar er nefnilega líka innri togstreita. Það má kannski segja að þar sé annars vegar armur sem vill eftirgjöf við Ísraela, menn sem sjá leik á borði að skara eld að eigin koku. Það væri líka í meira lagi einkennilegt ef það væru engir palestínskir samverkamenn. Besta dæmið um slíkan er líklega umræddur Mohammed Dahlan. Hinn armurinn heldur fastar í þjóðfrelsisprinsipp, og þekktasta andlit hans er líklega Marwan Barghouti, sem situr í fangelsi í Ísrael, og kann að vera efnilegri en nokkur annar til þess að sameina alla Palestínumenn að baki sér.

#### Hvað gerir forsetinn?

Mahmoud Abbas er í erfiðri stöðu. Hann þarf bæði að að reyna að stilla saman mismunandi hreyfingar Palestínumanna og mismunandi arma innan PLO og Fatah, auk þess sem hann þarf að halda sjó gagnvart Ísrael eftir því sem hægt er. Kjörfylgi Fatah í síðustu kosningum var að vísu mun minna en á árum áður, en samt nægilega mikið til að sýna að hreyfingin nýtur umtalsverðs trausts meðal almennings. Það segir sitt. Ætla má að sá lifandi stuðningur sé að verulegu leyti Marwan Barghouti að þakka.

Abbas forseti hefur notið ákveðins stuðnings Ísraela og Vesturveldanna, sem hefur verið honum beggja handa járn. Hann hefur stundum fengið eitthvað af skattfé Palestínumanna í sínar hendur eða fengið einhverja fanga látna lausa, og þannig styrkt stöðu sína að vissu leyti með samstarfi við Ísraela á sumum sviðum. En sá armur Fatah, sem heldur

fastar í prinsippin, setur honum skorður, og fyrir vikið treysta Ísraelar honum ekki betur en svo að stuðningur þeirra er takmarkaður. Nógu lítil til að halda honum veikum en nógu stór til að vera freisting sem erfitt er að standast, of lítil til að gera Abbas að auðsveipum lepp Ísraela en of stór til þess að skjöldur hans sé fyllilega hreinn.

Hvort sem lítið er til innri málefna stóru hreyfinganna tveggja eða samskiptanna á milli þeirra, þá sést hvarvetna hvernig Ísraelar hugsa stöðuna. Þeir beita eldgamalli aðferð sem ekki þarf að útskýra fyrir neinum: Þeir deila og drottna. Á sama hátt og þeir deila Palestínu upp í óteljandi smáskika landfræðilega séð, eru þeir að reyna að splundra andstöðunni við hernámið upp í óteljandi litlar flísar sem bítast innbyrðis og auðvelt er að ráða við, hverja fyrir sig. Ísraelar tefla hverjum gegn öðrum, veita einum stuðning en öðrum ekki og setja meiri ytri þrýsting á suma en aðra – allt á úthugsaðan hátt til þess að grafa undan samstöðu og getu hinnar pólitísku forystu Palestínumanna.

Atburðarásin og umræðan hafa verið mjög á forsendum Ísraela. Stígi maður skref til baka, blasir við að hvað sem öllum innbyrðist deilum líður, þá er ein átakalína miklu skýrari en nokkur önnur, og það er auðvitað línan sem Ísraelar hafa dregið milli sín og Palestínumanna. Sú lína er skýrust og ræður á endanum úrslitum og það er auðvitað hún sem athyglin ætti helst að beinast að. Palestínumenn hafa ekki efni á meiri innbyrðis misklið. En hvernig eiga menn að snúa sér þegar forystan er klofin í herðar niður og eitruðrörvar tortrygginnar fjúga milli manna?

#### Sameinaðir stöndum vér...

Aðalatriðið er hernámið og baráttan gegn því. Það vita allir Palestínumenn, og Ísraelar vita það líka. Það er Palestínumönnum til ómælds tjóns ef þeir geta ekki staðið saman. Á meðan stóru hreyfingarnar tvær sverfa hvor aðra niður halda Ísraelar áfram að sundurlima landið. Þjóðin hefur þá og því aðeins möguleika á friði og réttlæti, að hún standi saman. Ábyrgð pólitísku forystunnar er augljós. Ef stóru hreyfingarnar tvær koma sér ekki saman um nýja þjóðstjórn undir forystu Ismaels Haniyeh og Mahmouds Abbas hlýtur vegur þeirra að minnka og nýir forystumenn að ryðja sér til rúms. Þar ber Marwan Barghouti höfuð og herðar yfir aðra, en einnig má nefna Mustafa Barghouti og Þjóðarfrumkvæðið, einnig PFLP og DFLP, og fleiri hreyfingar sem nú eru tiltölulega smáar. Því meira sem Ísraelsstjórn færir í aukana, þess nær dregur því að Palestínumenn hljóti að þetta raðir sínar aftur á einn eða annan hátt.

# Söguleg átök

Vígvellir Palestínanna og Ísraels liggja víða. Einn slíkur völlur er hinn akademíski. Þar missa menn ekki endilega blóð, heldur beita þeir sig bleki. Orrustan tengist orðræðunni um deiluna milli Ísraels og Palestínanna og er háð á milli ólíkra hugmynda, túlkana, og mismunandi hugmyndafræði. Baráttan snýst meðal annars um hvernig ber að skilja og skrásetja deiluna milli Palestínanna og Ísraels sem sögu. Tekist er á um hverjar grundvallarspurningar söguritunarinnar eigi að vera, hvernig eigi að setja hana fram, hvaða hugtök og skilgreiningar eigi að nota, og hver sé hin eiginlega orsök og afleiðing hvers atburðar.

Hlutleysiskrafan er miðlæg í aðferðafræði hug- og félagsvísinda. Vísindaleg vinnubrögð gera ráð fyrir því að fræðimaður sýni heilindi þegar hann nálgast viðfangsefnið og fjalli um það sem lýsir raunveruleikanum best, eða sem næst því sem raunverulega gerðist. Þetta á ekki síst við um hugtakanotkun og hvaða raddir eða viðhorf eru tekin með í reikninginn.

En er deilan á milli Palestínanna og Ísraels svo sérstæð, flókin, og umfangsmikil að ómögulegt er að fjalla um hana með hefðbundnum aðferðum vísindagreinanna? Er hægt að vera hlutlaus í þessari deilu? Hver eru þá mörk hlutleysisins? Hentar hlutleysiskrafan öðrum aðilanum betur, kannski frekar þeim sem er valdameiri? Er það siðferðislega réttlætanlegt fyrir fræðimanninn að reyna að halda hlutleysi frammi fyrir hrópanði óréttlæti? Eða er það skylda hans að sýna fram á misbeitingu valds og hörmulegar aðstæður einstaklinganna sem eru fórnarlömb þessarar deilu?

Þegar litið er yfir nýlegar bækur og rannsóknir á þessu sviði, verður ljóst að fræðilegar rannsóknir og niðurstöður þeirra eru nátengdar hinu pólitíska andrúmslofti sem ríkir bæði



Eftir  
Magnús  
Þorkel  
Bernhards-  
son

í Ísrael og í hinum ólíku samfélögum Palestínanna. Þótt fræðimenn beiti vísindalegum vinnubrögðum gætir oft ósamræmis milli aðferðafræðinnar og þeirra ályktana sem þeir vilja að aðrir dragi af rannsóknum þeirra og niðurstöðum. Starfsumhverfið er svo pólitískt, svo rafmagnað, að ekkert verður í eðli sínu ópólitískt. Einhvers konar alkemía – hamskipti – hefur átt sér stað, því að allt, öll fyrirbæri, öll hugtök og allir einstaklingar verða pólitísk. Þekkingarleit á þessu sviði er því ekki endilega til þess eins að afla sér þekkingar, þekkingarinnar vegna. Þvert á móti tengist hún ákveðinni pólitískri stefnu eða hugmyndafræði.

Þetta er ef til vill mjög augljós og ófrumleg niðurstaða og engin ný sannindi hér á ferð. Ég vil þó vekja athygli á afleiðingunum af þessu, sem eru að taka á sig æ skýrari mynd og eru mikilvægt umhugsunarefni. (Tekið skal fram að þetta er frekar ætlað sem hugleiðing en formleg kenning.) Þetta má ráða af því að forsendur allra friðarumleitana, sem hafa farið fram síðan í Madrid 1991, eru fyrir löngu brostnar. Það er ljóst að tveggja ríkja lausnin er ekki lengur hin ráðandi hugmyndafræði og hefur alls ekki áhrif á hvert raunverulega stefnir í þessum málum. Frekar stefnir í eins ríkis lausn þar sem eitt þjóðríki mun ráða yfir átakasvæðinu fyrir botni Miðjarðarhafs. Eins og staðan er í dag er augljóst að þetta þjóðríki yrði Ísrael. Spurningin er hvernig eða hvort Palestínammenn eigi

að aðlaga sig að þessum aðstæðum og veruleika og hvað þýðingu það gæti haft fyrir framtíð þeirra sem þjóð.

Fram að þessu höfum við kannski verið dáleidd af tveggja ríkja lausninni. En tveggja ríkja lausnin er tálsýn. Ef marka má sögu Ísraels eru Ísraelar ekki í þann mund að fara að hætta við hernámið eða gefa eftir landsvæði. Umráðasvæði þeirra stækkar dag frá degi og þeir réttlæta þessa útrás með skírskotun til sögunnar og munu því halda uppteknum hætti. Í þessari söguskoðun er ekki ljóst hvar er pláss fyrir sjálfstætt ríki Palestínanna. Ísraelar kalla allar aðgerðir sínar nauðsynlegar og réttmætar, óumflýjanlegar varnaraðgerðir og því siðferðislega réttar.

Á sama tíma eru komnir brestir í samstöðu Palestínanna, svo ekki sé meira sagt. Meðal þeirra hefur komið fram mikil gagnrýni á aðferðir eldri kynslóðanna til að berjast fyrir réttlæti. Ætla má að yngri kynslóð Palestínanna sé að verða afhuga tveggja ríkja lausninni og hyggist leita á önnur mið. Stóra spurningin fyrir ymsa Palestínammenn er hvort á að reikna með því að í framtíðinni verði tvö sjálfstæð ríki hlið við hlið, Palestína og Ísrael, eða kannski bara eitt ríki – Ísrael. Ef stefnir í hið síðarnefnda, kann þá að vera hyggilegt að fórna sumum prinsippmálum til þess að styrkja stöðuna fyrir glímu framtíðarinnar? Hvaða afleiðingar mundi það hafa á málstað Palestínanna, svo ekki sé talað um framtíð þeirra sem sjálfstæðrar þjóðar?

Eins og áður var sagt, varpa ég þessu fram til umhugsunar og spyr um leið að hversu miklu leyti tveggja ríkja lausnin hafi villt okkur sýn. Við vorum dáleidd af henni og hugfangin af orðræðunni um frið. Hver getur sett sig á móti friði? En tveggja ríkja lausnin snerist aldrei um að ná fram friði heldur var þetta ferli til þess hannað að viðhalda og festa núverandi ástand í sessi. Þetta ástand er Ísraelum fyrst og fremst í hag. Því hefur staða Ísraels styrkt undanfarin sautján ár, og nánast gert vonir Palestínanna um sjálfstætt ríki að engu.<sup>1</sup>

Hér á eftir ætla ég að skoða nokkrar nýlegar sagnfræðirannsóknir, einkum í tengslum við stríðið 1948, til að sýna hvaðan ég dreg þessar ályktanir.

-o-

Fyrir um 10 árum síðan ríkti mikil bjartsýni um að Ísraelar og Palestínammenn væru að vinna sameiginlega að friði. Andrúmsloftið á tíunda áratug tuttugustu aldar var með allt öðrum blæ en á þeim níunda eða áttunda. Þessi bjartsýni kom meðal annars fram í því að í Ísrael komu fram mörg ný og spennandi sagnfræðirit, sem á þeim tíma virtust umbylta skilningi Ísraels á eigin sögu. Það voru fyrst og fremst svokallaðir „nýir sagnfræðingar“ (e. new historians) sem stóðu að þessari



söguendurskoðun, sem varð strax mjög umdeild. Þetta voru sagnfræðingar á borð við Benny Morris, Avi Shlaim og Ilan Pappe. Til að mynda heldur Morris því fram, að í Ísrael hafi orðið þekkingarleg „bylting“, þar sem ísraelskir sagnfræðingar hafi orðið mjög gagnrýnir á aðgerðir Ísraela á liðnum árum, svo sem í stríðinu 1948. Þessi gagnrýna afstaða myndi væntanlega leiða til sáttgjörðar gagnvart Palestínumönnum.<sup>2</sup> En eins og Joel Beinin bendir á, hefur þessi nýja sagnfræði varla verið byltingarkennd þótt gagnrýnin sé.<sup>3</sup>

Frægasta bók Morris, um upphaf flóttamannavandamálsins, er gott dæmi um bók sem virðist vera mjög róttæk á yfirborðinu, en þegar gætt er að kemur í ljós að hún útilokar raddir Palestínumanna, og gerir lítið úr sögulegri reynslu þeirra og pólitískri og siðferðislegri afstöðu.<sup>4</sup> Niðurstaða Morris er fræðileg staðfesting á stefnu ísraelska stjórnvalda, ekki afhjúpun á óréttmæti hennar. Fyrir Palestínumenn var stríðið 1948 „Áfallið mikla“ (a. nakba), og upphafið af lífi þeirra sem flóttamenn. Palestínumenn hafa stött og stöðugt haldið því fram að þeir hafi verið hraktir úr eigin landi á kerfisbundinn og ofbeldisfullan hátt.<sup>5</sup> Hersveitir zionista frömdu fjöldamorð í nokkrum palestínskum þorpum, eins og Dayr Yassin, til að hræða Palestínumenn og ýta þannig undir flótta þeirra. Palestínumenn telja að þegar aðgerðir Ísraela eru skoðaðar, sjáist að tilfærsla á þeim hafi beinlínis verið stefna zionista. Þar sem hersveitir gyðinga stóðu fyrir þessum aðgerðum, ber Ísraelsríki ábyrgð á flóttamannavandamálinu. Ísraelar hafa því ákveðnar skaðabóta- og siðferðis skyldur gagnvart Palestínumönnum þar sem þeir eru fórnarlömb þessarar stefnu.<sup>6</sup>

Samkvæmthinni sigildusögulegu skoðun Ísraela er hins vegar sagt að hersveitir þeirra hafi alls ekki hrakið Palestínumenn frá heimilum sínum með skipulögðum hætti. Þvert á móti hafi Palestínumenn flúið af fúsum og frjálsum vilja, ekki síst fyrir hvatningu arabalandanna. Ísraelar halda því fram að engin heildarstefna um brotthrakningu Palestínumanna hafi verið til. Ekki sé hægt að finna nein gögn sem sýni fram á það, ekkert „smoking gun“-skjal sýni með eindregnum hætti að ísraelskum hermönnum hafi verið skipað að beita ofbeldi og vekja þannig óhug og skapa ófremdarástand meðal Palestínumanna. Þar af leiðandi, telja Ísraelar, ber Ísraelsríki ekki ábyrgð á

flóttamannavandamálinu og er því ekki skaðabótaskyld. Þeir draga í efa munnlegar heimildir Palestínumanna um nakba, og halda því fram að slíkur vitnisburður sé óáreiðanlegur og hápólitískur og standist hvorki lagalega né vísindalega skoðun. Í þessum málaumbúnaði er yfirleitt ekki tekið fram að mörg bókasöfn og skjalasöfn Palestínumanna voru brennd eða eyðilögð í stríðinu, og því mjög erfitt fyrir Palestínumenn að koma fram með hefðbundin sönnunargögn.<sup>7</sup> Auk þess er yfirleitt lítið framhjá því að sögulegar rannsóknir Ísraela eru einnig hápólitískar, og nátengdar hinu pólitísku andrúmslofti þar. En Ísraelar stilla þessu þannig upp að þeirra „sannleikur“ sé vísindalegur, byggist á rökhyggju og uppfylli kröfur pósitívismans, en „sannleikur“ Palestínumanna sé tilfinningalegs eðlis og þar af leiðandi óáreiðanlegur.

Í bók sinni um flóttamannavandann, sem er byggð á mjög umfangsmiklum rannsóknum í skjalasöfnum Ísraelsríkis, kemst Benny Morris að þeirri niðurstöðu að hinar hefðbundnu túlkanir Palestínumanna og Ísraela séu báðar rangar, því ekki sé hægt að finna nein gögn er styðji þær. Þess í stað leggur Benny Morris fram skýringu sem virðist vera hinn gullni meðalvegur: Flóttamannavandamálið var afleiðing stríðsins, en ekki tiltekinnar stefnu Araba eða gyðinga.<sup>8</sup> Við fyrstu sýn virðist þetta vera mjög rökrétt, eins konar Salómonsdomur: Hér eru tvær stríðandi fylkingar og „sjaldan veldur einn þá tveir deila.“ Þar af leiðandi er ekki hægt kenna neinum einum aðila um hið gríðarlega umfangsmikla flóttamannavandamál. En er sannfærandi að nokkurs konar „ósýnileg hönd stríðsins“ (sbr. „hina ósýnilegu hönd markaðarins“ hjá Adam





Smith) sé orsök vandans? Niðurstaða Morris er kannski „hlutlaus“ í þeim skilningi að hún hallar ekki á neinn tiltekinn aðila, en er hægt að kalla það hlutleysi ef niðurstöðurnar stangast á við heimildirnar? Morris tilgreinir fjöldamörg dæmi um að hersveitir gyðinga hafi hrakið Palestínumenn af heimilum sínum, en ályktar ekki í samræmi við það. Hann sér ekki heildarstefnu, heldur einstaklinga í stríði sem taka sjálfstæðar ákvarðanir til að vinna það. Stríðið og viljinn til að sigra hafi knúið ísraelska hermenn til að beita þessu ofbeldi, en ekki hafi nein hugmyndafræðileg stefna legið að baki. Þetta sé þáttur í vörn Ísraels, en beri ekki að skoðast sem sókn þeirra. Því sé þetta eðlilegt og réttlæt看legt. Hefur ekki hvaða þjóðríki sem er fullan rétt á því að verja sig, og standa vörð um hagsmuni sína?

Afstaða Morris er alls ekki hlutlaus, því hún miðar að því að staðfesta hina sígildu ísraelsku túlkun á atburðum ársins 1948. Lítið er gert úr afstöðu Palestínumanna, og málstaður þeirra gerður grunsamlegur. Bók Morris gerði það hinsvegar að verkom að fleiri fræðimenn hófu að rannsaka orsakir og afleiðingar stríðsins 1948.

Árið 2001 gaf Cambridge University Press út athyglisvert greinasafn, sem heitir *The War for Palestine. Rewriting the History of 1948*, sem ritstýrt er af Avi Shlaim og Eugene Rogan. Þetta greinasafn, sem inniheldur meðal annars kafla eftir Benny Morris, tekur upp þráðinn

frá bók Morris. Langflestar greinanna eru mjög gagnrýnar á Morris og sýna fram á, með einum eða öðrum hætti, að forystumenn Ísraels, til að mynda David Ben-Gurion, hafi verið mjög meðvitaðir um hvað þeir væru að gera. Þar af leiðandi hafi þeir vísvitandi ekki gefið út nein opinber fyrirmæli um að hrekja Palestínumenn af landi brott, allavega ekki skrifleg. Ef slík gögn væru til, væri ósennilegt að þjóðskjalasafn Ísraels leyfði fræðimönnum aðgang að þeim. Í þessu greinasafni, sem hefur haft mjög mikil áhrif á skilning okkar á stríðinu 1948, er meðal annars grein eftir Laila Parsons, sem kennir sagnfræði við McGill háskóla í Kanada. Hún skoðar sérstaklega tengsl Ísraelskers við Drúsa, sem er arabískur minnihlutahópur í Palestínu (og eru nú ísraelskir ríkisborgarar). Drúsar voru fúsir til að vinna með Ísraelum í stríðinu 1948. Parsons heldur því fram, að vegna þess hvað Drúsar voru samvinnufúsir, hafi ekki gerð atlega að þorpum þeirra. Drúsar tóku því ekki þátt í flóttamannastraumnum. Vegna þess að sumir arabar flúðu, en aðrir ekki (eins og Drúsar), telur Parsons að það sýni að hersveitir gyðinga hafi unnið að þessu með mjög skipulögðum hætti. Þessi bók sýnir líka fram á að Arabaríkin voru alls ekki eins samhent og Ísraelar vilja meina, og því kastar bókinni rýrð á þá myndlíkingu að í stríðinu 1948 hafi Ísraelar verið eins og Davíð og arabaríkin eins og Golíat. Ísraelar hafi í raun verið sterkari, og hafi ekki verið í varnarstríði sem hefði

hugsanlega getað réttlætt aðgerðir þeirra. Ísraelar hafi frekar verið Golíat, og þeir hafi sóst eftir því að ná valdi á ákveðnum landsvæðum með því að beita ofbeldisfullum hernaðaraðgerðum.

Snemma á árinu 2007 kom út mjög róttækt og athyglisvert greinasafn sem heitir *Nakba* og er ritstýrt af Ahmed H. Sa'di og Lila Abu-Lughud (gefið út af Columbia University Press).<sup>9</sup> Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna, fjallar hún um reynslu og minningar Palestínumanna eftir nakba, eða hörmungarnar í stríðinu 1948. Í bókinni er fyrst og fremst reynt að leggja grunn að nýrri túlkun á nakba, frá sjónarhóli Palestínumanna. Sögupráður þessarar bókar er skýrt svar við hinni klassísku ísraelsku söguskoðun. En líka má líta á greinar þessarar bókar sem gagnrýni á hina hefðbundna túlkun Palestínumanna.

Í bókinni kemur fram hörð gagnrýni á frammistöðu palestínskra karlmanna við að verja heiður Palestínu sem lands, og ekki síst heiður palestínskra kvenna. Þetta kemur ekki síst fram í grein mannfræðingsins Rosemary Sayigh. Það er ekki hetjuleg saga sem þessar konur lýsa. Þær leggja ekki áherslu á nakba sem afmarkaðan atburð, heldur sem ákveðna reynslu sem þær hafa allar þurft að vinna úr, eiginlega og óeiginlega. Í þessu greinasafni er einnig mjög athyglisverð umfjöllun eftir Diana Allan, um unga Palestínumenn í Shatila-flóttamannabúðunum í Líbanon. Greinin lýsir því hvers vegna þessi nýja kynslóð

er ekki eins eins upptekin af nakba og þær eldri. Allan spyr hvort ekki sé tími til kominn að móta stjórnmalastefnu og miða aðgerðir við samtímann og þær hörmungar sem flóttamennirnir búa við nú í dag, frekar en að einblína á réttlæti vegna hörmunganna árið 1948.

Þetta er mjög áleitinn spurning. Væru flóttamenn í Shatila betur settir, ef það væri reynt að leysa vandamál þeirra utan rammans sem hefur verið miðað við hingað til? Vítaskuld snýst þetta um réttinn til að snúa aftur heim – heim til Palestínu. Grein Allan ýjar að því, að draumurinn um að leysa flóttamannavandamálið með því að flóttamennirnir komist aftur til fyrri heimakynna sé einmitt það – aðeins draumur. Það er ekkert eftir af þeirri Palestínu sem var til fyrir stríðið árið 1948, nema minning sem hægt er að halda á lofti. Minningin er huggun,<sup>10</sup> en er ekki grundvöllur fyrir raunhæfa stefnu sem gæti raunverulega bætt stöðu flóttamanna í dag. Fyrir þessa ungu flóttamenn er Snorrabúð stekkur, og hvorki gerlegt né sérlega æskilegt að endureisa hið forna.

Það er of snemmt að fullyrða nokkuð, en er þetta visirinn að því sem koma skal? Er hin nýja kynslóð Palestínumanna, sérstaklega þeir sem búa í flóttamannabúðunum eða á hernumdu svæðunum, fúsari til að prófa nýjar áherslur og sleppa takinu á sígildum prinsippmálum? Er gömlu prinsippmálunum fyrst og fremst haldið á lofti af útlögum sem vilja einmitt halda í minninguna? Minningar fæða hvorki né klæða. Palestínskir flóttamenn í dag búa við svo hrikalegar aðstæður og örvæntingin er slík, að það er ekki furða að nú séu þeir farnir að efast um þær aðferðir, hugmyndir og grundvallarforsendur sem hafa mótað og myndað stjórnálaafstöðu Palestínumanna. Sumir sjá þær jafnvel frekar sem hluta af vandamálinu heldur en lausninni. Er þetta vísbending um að baráttuprek Palestínumanna fari minnkandi? Eða er þetta bara eðlileg endurskoðun á sýn, stefnu og aðferðum?

Þegar þessar raddir eru teknar með í reikninginn og þær skoðaðar í samhengi við nýlegar sögulegar rannsóknir frá Ísrael, er ljóst að þróunin stefnir í að í framtíðinni muni verða eitt ríki fyrir botni Miðjarðarhafs. Áherslan í ísraelskum sagnfræðirannsóknum er réttlæting á aðgerðum Ísraels, til dæmis í stríðunum 1948 og 1967. Jafnvel þegar Ísraelar heyja árásarstríð, til dæmis í seinni hluta stríðsins 1967, er það skoðað sem eðlileg og náttúrlæg skref og fyllilega í samræmi við forlög Ísraels og stundum jafnvel sem vilji Guðs. Þegar landakort frá árunum 2007 og 1947 eru borin saman og skoðað hverju Ísraelar ráða, er þróunin augljós. Ísraelar eru smám saman að ná völdum á



öllu því sem kallað var Palestína í byrjun tuttugustu aldar. Nú, í byrjun tuttugustu og fyrstu aldar, er hlutur Palestínumanna álíka smár og hlutur gyðinga var á fyrstu árum tuttugustu aldar.

Hvernig eiga sagnfræðingar og aðrir fræðimenn að fjalla um þessa þróun? Hvernig er hægt að fjalla um þetta á hlutlausan hátt, þegar örlög og vonir einnar þjóðar um sjálfstæði eru nánast að hrynja fyrir augum okkar? Á sagnfræðingurinn fyrst og fremst að halda upp minningunni um Palestínu sem sögulegt fyrirbæri, eða á minningin að vera ákveðin fyrirmynd eða vísir að framtíðarríki? Þar sem ekkert virðist benda til þess að tveggja ríkja lausnin sé raunhæfur pólitískur valkostur, er þá ekki tími til kominn að gefa hugmyndinni um eitt ríki betri gaum? Hvaða afleiðingar mundi sá kostur hafa á líf og afkomu Palestínumanna og Ísraels? Fyrir Palestínumenn getur hann varla verið miklu verri en kjör þeirra við síðustu 60 árin.

#### Tilvísanir

1 Palestínski bókmenntafræðingurinn Edward Said fjallaði mikið um þetta á tíunda áratugnum, bæði í ræðu og riti.

2 Benny Morris er fyrst og fremst frægur fyrir bók sína *The Birth of the Palestinian Refugee Problem, 1947-1949*, sem kom út hjá Cambridge University Press árið 1988. Hún var endurútfingin árið 1988.

3 Beininn kennur nútímasögu Mið-Austurlanda við Stanford-háskóla og við American University of Cairo. Hann er fyrrum formaður Middle East Studies Association. Sjá grein hans „Forgetfulness for Memory. The Limits of the New Israeli History“ í *Journal of Palestine*

*Studies* 34. árg. 2. tbl (2005), bls 6-23.

4 Fjölmargir hafa fjallað um bækur nýju sagnfræðinganna. Stundum er gagnrýnt að þeir gangi of langt, til að mynda bók Efraim Karsh, *Fabricating Israeli History: The New Historians* (London: Frank Cass, 1997) eða Itamar Rabinovich: *The Road Not Taken. Early Arab-Israeli Negotiations* (New York: Oxford University Press, 1991). Aðrir hafa haldið því fram að þeir gangi ekki nógu, langt svo sem grein Joel Beininn eða bók Susan Slyomovics, *The Object of Memory* (Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1998).

5 Sjá bók Nur Masalha: *Expulsion of the Palestinians. The Concept of Transfer in Zionist Political Thought 1882-1948* (Washington DC, 1992).

6 Ein áhrifamesta bók þessa stríðs frá sjónarhóli Palestínumanna er Khustantin Zuraykh: *Ma'nat al-nakba*, sem kom út í Beirut árið 1948.

7 Hina hefðbundna ísraelsku framsetningu má finna meðal annars í bók Amos Elon, *The Israelis* (London, 1971).

8 Morris, s. 206.

9 Ahmad H. Sa'adi og Lila Abu-Lughod (ritstj.), *Nakba. Palestine, 1948, and the Claims of Memory* (New York: Columbia University Press, 2007).

10 Frábær nýleg bók Laleh Khalili fjallar einmitt um sögulegt minni Palestínumanna: *Heroes and Martyrs of Palestine. The Politics of National Commemoration* (Cambridge University Press, 2007).

# Það er svo bággt að standa í stað

Fyrir 12 árum var hleypt af byssu í Jerúsalem. Það var skotið til að drepa. Ekki óvenjulegt í þeirri borg. Það sem var óvenjulegra var að sá sem varð fyrir skotinu, og átti að verða fyrir því, var valdamesti maður Ísraelsríkis. Forsætisráðherrann, Yitzhak Rabin, var skotinn í bakið af öfgafullum gyðingi og drepinn. Morðinginn skaut úr byssu sinni, ákveðinn í því að drepa forsætisráðherrann, vegna þess að hann var dauðasekur að hans mati. Yitzhak Rabin hafði unnið sér það til óhelgi að hafa staðið að friðarsamkomulagi við Yassir Arafat. Ætlunin var að stofna sjálfstætt ríki Palestínumanna, á Vesturbakkanum svokallaða og á Gasa-svæðinu, með samningum milli Ísraels og Palestínumanna. Sú fyrirætlun var dauðasök í huga morðingjans Yigal Amir, sem hefur aldrei iðrast morðsins, enda telur hann að með Oslóarsamningunum hafi Rabin ætlað að láta Palestínumönnum eftir landið sem Guð gaf gyðingum.

Í Sex daga stríðinu árið 1967 var Rabin hershöfðingi, leiddi Ísraela til sigurs og hernam bæði Gasa og Vesturbakkann. Þeir hermenn sem hafa kynnst ógnum stríðs verða iðulega friðarsinnar og þannig var það líklega með Rabin. Hann vildi stuðla að friði og varð að gjalda fyrir það með lífi sínu. Á þeim tíma sem Rabin var drepinn, var mikil óeining meðal Ísraela um hvaða leið skyldi fara í samskiptum við Palestínumenn. Öfl kyrrestöðunnar og harðneskjunnar náðu yfirhöndinni í framhaldi af morðinu, en Rabin var merkisberi Oslóarsamninganna milli Ísraela og Palestínumanna. Þrátt fyrir að milljónir gyðinga harmi fráfall Rabins og syrgi hann, þá eru þeir þó margir sem sýna opinberlega fulla samúð með morðingja hans. Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun vill um fjórðungur ísraelskra gyðinga láta náða morðingjann, og á fótboltaleik í Jerúsalem fyrir skömmu var beðið um að minnast morðsins á Rabin. Þó ekki til að sýna Rabin virðingu heldur til að hylla morðingjann.

Af hverju er ég að rekja þessa sögu hér? Hvaða máli skiptir hún? Hvaða máli skiptir það þó að fólk á fótboltavelli í Jerúsalem samsami sig með öfgamönnunum sem krefjast þess að Palestínumönnum verði vísað burt af landi sínu? Skiptir þetta einhverju máli í núinu?




Eftir  
Jón  
Magnússon

Á þeim 12 árum sem liðin eru síðan Rabin var myrtur hafa Ísraelar stöðugt hert tókin á Palestínumönnum. Palestínumenn eru réttlitir, jafnvel algjörlega réttlausir í eigin landi vegna þess að hernámsríkið Ísrael meinar þeim um eðlileg mannréttindi. Hernámsríkið meinar íbúum landsins um að njóta mannréttinda í samræmi við alþjóðasamþykktir um réttindi íbúa hernuminna landa og

svæða. Það gildir ekki fyrir Ísraela. Jafnvel þó að Sameinuðu þjóðirnar álykti og víti Ísraela fyrir brot á samþykktum þeirra, og fyrir brot á mannréttindum og alþjóðasamningum, þá skiptir það ekki máli vegna þess að vinapjóð þeirra, Bandaríkin, sér til þess að sérlög og -reglur gildi fyrir þá. Frelsi og mannréttindi skipta þá ekki máli, vegna þess að það er vinapjóð sem brýtur gegn öllum þeim gildum sem Bandaríkjamenn telja sig standa svo dyggan vörð um í heiminum.

Landtökubýggðir gyðinga eru reistar á Vesturbakkanum, og hvers konar fyrirbrigði eru það? Ég hélt að landnemabýggðir gyðinga á Vesturbakkanum væru sveitabæir og þorp. Byggð landnema, þar sem fólk lifði af landinu og ynni sér inn lifibrauð í sveita síns andlitis. Svo er ekki. Í flestum tilvikum eru landtökubýggðirnar svokölluðu samansafn af bráðabirgðahúsum sem við







mundum skilgreina sem braggahverfi. Sárálitil framleiðsla fer fram á hverjum stað. Mér er nær að halda að í sumum tilvikum séu viðkomandi landnemar ekki að gera neitt annað en koma kofunum sínum fyrir á þessum svæðum, til þess eins að reyna að tryggja að Guðs eigið land verði aldrei látið í hendur þeirra, sem að mati landnemanna svokölluðu eru óverðugir. Það eru aðrir sem útvega þessu fólki peninga svo það geti lifað. Landnemarnir ganga um vel vopnaðir og geta farið sínu fram og njóta þess iðulega að geta ekið um á sérvegum á meðan Palestínunimirnir þurfa að aka á öðrum vegum sem eru fjarri því að vera jafngóðir. Iðulega mega aðeins verðugir gyðingar aka á breiða veginum, meðan óverðugir Palestínunimenn þurfa að feta mjóa veginn. Aðskilnaðarstefna stjórnvalda í Suður-Afríku á sínum tíma, sem öll heimsbyggðin fordæmdi, náði aldrei svo langt að vegakerfi hvítra og svartra væri aðskilið, eins og gerist víða í Ísrael og Palestínu.

Landtökubýggðirnar eru vandamál í sjálfu sér. Ekki vegna þess að þær eigi nokkurn rétt á sér. Ekki heldur vegna þess að það sé erfitt að rífa þær niður og koma fólkinu fyrir annarsstaðar. Nei, vandamálið er að öfgamennirnir sem koma sér þarna fyrir eiga mikinn stuðning í Ísrael. Að þessu leyti er Ísrael skipt á milli öfgamannanna í landtökubýggðunum, og þeirra sem vilja fara að alþjóðalögum og skapa farveg fyrir varanlegan frið í Mið-Austurlöndum. Með því að láta svokallaða landnema, sem eru í raun

**Höfundur fór í ferð til Palestínu fyrir skömmu; hann er hér ásamt ferðafélögum sínum Ævari Kjartanssyni og Þorleifi Gunnlaugssyni. Myndina tók fjórði ferðafélaginn, Haraldur Þorleifsson.**

ekkert annað en landræningjar, komast upp með atferli sitt, þá brýtur Ísraelsstjórn á íbúum hernumins landins. Ísraelsstjórn hefur, allt frá Sex daga stríðinu, borið skylda til að rífa niður landtökubýggðirnar og koma í veg fyrir að hernumið fólk væri svipt eignum sínum og meinuð frjáls för um land sitt.

Hins vegar hafa þau öfl tekið yfir í Ísrael, sem telja rétt að hefta för Palestínunanna um land sitt og meina þeim eðlileg mannréttindi. Palestínunamaður kemst hvorki frá landi sínu né til þess nema með leyfi herrapjóðarinnar. Hann getur hvorki fengið aðföng til vinnu sinnar né viðurværi fyrir fjölskyldu sína nema með leyfi herrapjóðarinnar. Stór hluti Palestínunanna sækir vinnu í Ísrael og eru þeir upp á náð og miskunn herrapjóðarinnar komnir, hvort þeir komast í vinnu þann daginn, eftir að hafa staðið í biðröð á landamærastöðvum, oft svo klukkutímum skiptir. Þetta fólk – og það er einmitt það sem við skulum kalla þau sem lenda í þessum hremmingum í landinu sínu – þetta fólk má þola háðsglósur, lítilsvirðingar og oft barsmíðar af hálfu landamæravarða


herrapjóðarinnar. Svo rammt kveður að þessu, að ýmis mannúðarsamtök, kristleg sem önnur, hafa sjálfbóðaliða á varðstöðvunum til að fylgjast með framferði ísraelsku hermanna og reyna að koma í veg fyrir verstu mannréttindabrotin. Margir þeir sem styðja Ísraela og Ísrael á Vesturlöndum átta sig ekki á hvað ófrelsið er hræðilegt, og hversu illa Ísraelar koma fram við þjóðina sem þeir hernámu fyrir 40 árum síðan. Stöðugt er þrengt að. Vatnið er tekið. Nýr Berlínarmúr er reistur til þess að loka Palestínunum bæði úti og inni. Palestínunamaður horfir framan í nýjan dag og spyr sig hvort það sé einhver framtíð fyrir hann og fjölskyldu hans. Ungur stúdent sem ég hlustaði á sagði: „Það kann vel að vera að ég verði drepinn þegar ég tek þátt í andófsaðgerðum. Ég ætla samt að taka þátt í þeim. Ég ætla ekki að sætta mig við að börnin mín þurfi að alast upp við þær aðstæður sem ég hef þurft að alast upp við.“

Það gleymist stundum að Palestínunimenn eru fólk eins og við. Fólk sem á sér þrár og vonir, en þeim er meinað um flest þau mannréttindi sem okkur finnst sjálfsgöð og rísun upp til varnar ef okkur er meinað um þau. Ber okkur ekki skylda til að rísa upp til varnar fyrir bræður okkar og systur annarsstaðar í heiminum? Ber okkur ekki skylda til þess að gæta hagsmuna Palestínunanna og annarra? Getum við horft á það að hernumið fólk sé múrað inni, svívirt og lífsbjörgin tekin frá því? Að sjálfsgöðu eigum við ekki að sætta okkur við það, en hvað er þá til ráða, hvað getum við gert? Ekki höfum við her (og þótt við hefðum hann mundum við vonandi aldrei beita honum).

En það eru til aðrar leiðir. Margir hafa bent á nauðsyn þess að beita Ísraela refsiaðgerðum, t.d. setja á þá viðskiptabann. Slíkt gengur ekki á meðan Bandaríkjamenn gera slíkt bann að engu. En hvaða ráð höfum við Evrópubúar þá? Getum við eitthvað gert? Já, við höfum reyndar ákveðin ráð. Við getum sagt við Ísraela að meðan þeir ekki að alþjóðalögum og virði ekki lágmarksmannréttindi hertekinna íbúa Palestínu, þá munum við meina þeim um þáttöku í íþróttaleikjum og menningartengdum hlutum sem Evrópubúar standa fyrir. Við útilokum þá úr háskóla- og vísindasamfélaginu. Það má aldrei gefa afslátt á því að það eiga allir einstaklingar sama lágmarksrétt til að vera fólk og njóta þeirra lágmarksmannréttinda sem tryggja átti fólk með mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna í lok síðari heimstyrjaldar.

Höfundur er alþingismaður. Greinin birtist upphaflega í 24 stundum 21. nóvember 2007

# Hinn palestínski Mandela



Eftir  
Uri  
Avnery

Klofningur palestínsku landsvæðanna í „Hamastan“ á Gaza og „Fatahland“ á Vesturbakkanum er hörmung.

Hann er hörmung fyrir Palestínumenn, hörmung fyrir friðarhorfur og þar með einnig hörmung fyrir Ísraela.

Stjórn málaforystan og yfirmenn hersins gleðjast yfir klofningnum, í samræmi við kennisetninguna „Það sem er slæmt fyrir Palestínu er gott fyrir Ísrael.“ Stefna zionista hefur notast við

þessa kennisetningu frá upphafi. Zíonistaleiðtoginn Haim Arlosoroff, sem óþekktir tilræðismenn myrtu á ströndinni í Tel-Aviv árið 1933, hafði þegar fordæmt þessa kenningu í síðustu ræðu sinni: „Það er ekki allt gott fyrir gyðinga sem er slæmt fyrir araba, og það er ekki allt sem gott fyrir araba sem er slæmt fyrir gyðinga.“

Tekst Palestínumönnum að sigrast á þessum klofningi? Líkurnar á því

virðast minnka dag frá degi. Gjáin milli fylkinganna tveggja dýpkar í sífellu.

Fatah-menn á Vesturbakkanum, sem Mahmoud Abbas forseti fer fyrir, fordæma Hamas sem hóp ofsatrúarmanna sem hermi eftir Íran og láti stjórnast af því, og séu að kalla gríðarlega ógæfu yfir þjóð sína eins og ayatollarnir gerðu.

Stuðningsmenn Hamas ásaka Abbas hins vegar um að vera palestínska hliðstæðu Petains marskálks, sem hafi

## Maður er nefndur ... Uri Avnery

Ég vil byrja með því að óska Félaginu Íslandi-Palestínu innilega til hamingju með tuttugu ára afmælið! Þegar starfað er af eindrægni og áhuga að friði í fjarlægum heimshluta í áratugi, vekur það athygli og má kallast bæði þakkarvert og þakklátt verk. Auðvitað hefði maður óskað sér þess að friðvænlegra væri orðið í Palestínu en raun ber vitni, en hið sama gildir að vísu um mörg önnur lönd í veröldinni. Það sem sérkennir málefni Palestínu og Ísraels er meðal annars hve mörg önnur ríki koma að málum þeirra, ríki sem flest hafa tekið afstöðu með annarri þjóðinni gegn hinni, og hve aðdragandi núverandi ástands var samofinn stjórn málaástandinu í Evrópu um miðja síðustu öld.

Öll getum við skilið mikilvægi þess að gyðingum væri fundið skjól á sínum tíma, en eftirleikurinn hefur ekki orðið sem skyldi. Nágrannaríkin hafa fæst viljað viðurkenna Ísrael, og Ísrael goldið líku líkt, sem er afar miður. Erfitt er að skilja hvernig hægt var á sínum tíma að hrekja Palestínumenn frá heimkynnum sínum og hvernig það getur viðgengizt að margir þeirra, kynslóð fram af kynslóð, hafi mátt búa í flóttamannabúðum, við algjörlega óviðunandi aðstæður. Mönnunum svipar enn saman í Súdan og Grímsnesinu, svo vitnað sé í skáldið Tómas Guðmundsson, og fyrir mig sem lækni eru allir menn jafnréttsháir, hvaðan sem þeir koma og hvað sem annað má um þá segja. Samúð mín hlýtur þó að vera með öllum þeim sem líða fyrir stríðsátök. Leikurinn sem hér er til umræðu er augljóslega ójafn,



Eftir  
Katrínu  
Fjeldsted

því það hallar mjög á Palestínumenn.

Málefni Ísraels og Palestínu ber iðulega á góma í fjölmiðlum um allan heim, en umræðan er víða því marki brennd að erfitt getur verið að fá hlutlausa yfirsýn yfir það sem er að gerast í raun og veru. Upplýsingar geta verið af skornum skammti, einhliða áróður, annarlegir hagsmunir að baki eða fréttir ónákvæmar og hroðvirknislega unnar. Svo eru sumar hliðar mála ekki til umræðu: tabú eins og það er kallað. Sem dæmi má nefna að vestanhafs hefur fréttáflutningur verið ótrúlega einhliða, Ísrael í vil. Málstaður Palestínu skilar sér ekki inn í umræðu þar eins og eðlilegt mætti telja og þar með vantar upp á að sú sjálfsagða krafa sé uppfyllt, að treysta megi því sem sagt er frá í fréttum.

Maður er nefndur Uri Avnery. Hann er ísraelskur ríkisborgari, blaðamaður og friðarsinni sem á árum áður átti sæti sem þingmaður á ísraelska þinginu, Knesset. Avnery fæddist í Þýzkalandi 10. september 1923 og er því nýorðinn 84 ára gamall. Stjórn málaafskipti hans voru skrautleg um margt fyrir á árum og voru

bæði hægra og vinstra megin í pólitík. Hann hefur því löngum verið umdeildur í heimalandi sínu. Hann hitti Yasser Arafat persónulega árið 1982, en það mun hafa verið í fyrsta sinn sem Arafat fundaði með Ísraela.

Það sem er svo sérstakt við þennan gamla mann er á hve áhugaverðan hátt hann fjallar um það sem ísraelsk og palestínsk stjórnvöld hafast að. Honum tekst að bregða upp ljóslifandi myndum af því sem er að gerast hverju sinni, hann þekkir til í reykyfylltum bakherbergjum stjórn mála, og getur af skarpskyggni sinni og viðsýni skýrt fyrir manni annars illskiljanlega atburðarás. Hann er gagnrýninn á stjórnvöld bæði í Ísrael og í Palestínu og setur atburði í samhengi við það sem sjá má í baksýnisspeglinum. Ég er þess auðvitað ekki umkomin að meta sannleiksgildi alls þess sem hann fjallar um. Hann er hins vegar orðinn nægilega gamall til þess að hika ekki við að tjá skoðanir sínar, hversu óþægilegar sem þær kunna að vera. Uri Avnery skrifar reglulega pistla á netið, slóðin er [www.gush-shalom.org](http://www.gush-shalom.org) og ég mæli eindregið með því við þig, ágæti lesandi, að þú fylgist með skrifum hans ef þú vilt fá nýjar víddir í flókinn eða ónógan fréttáflutning af gangi mála austur þar. Ég er líka viss um að ef ráðum viturra manna, eins og Uri Avnery og hans líka, væri fylgt, myndi það flýta fyrir lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðahafs. Þá væru meiri líkur á því að koma mætti á friði milli Ísraela og nágranna þeirra. Eftir því biður heimsbyggðin.

*Höfundur er lækni  
og fyrrum Alþingismaður*



selt sig hernámsliðinu og sé á fleygiferð niður rennibraut svikseminnar.

Áróður beggja er baneitraður, og gagnkvæmt ofbeldið er að ná nýjum hæðum.

Þetta lífur út fyrir að vera blindgata. Margir Palestínemenn örvænta um að nokkur undankomuleið finnist. Aðrir leita að nýjum, frumlegri lausnum. Til dæmis stingur Afif Safieh, formaður sendinefndar PLO í Washington upp á því að sett verði á fót palestínsk ríkisstjórn sem verði eingöngu skipuð hlutlausum sérfræðingum, hvorki frá Hamas né Fatah. Líkurnar á að það gerist eru svo sannarlega litlar.

En þegar menn ræða sín á milli í Ramallah ber eitt nafn æ oftast á góma: Marwan Barghouti.

„Hann hefur lausnina í hendi sér,“ segja menn, „bæði á átökum Fatah og Hamas og á átökum Ísraels og Palestínemanna.“

Sumir álíta Marwan hinn palestínska Mandela.

Þeir koma afar ólíkt fyrir, bæði hvað varðar í útlit og skapgerð. En þeir eiga margt sameiginlegt.

Báðir urðu þjóðarhetjur bak við fangelsismúra. Báðir voru fundnir sekir um hryðjuverk. Báðir studdu vopnaða baráttu. Mandela studdi ákvörðun Afríska þjóðarráðsins árið 1961 um að hefja vopnaða baráttu gegn rasistaríkisstjórninni (en ekki gegn hvítu borgurinum). Hann sat í fangelsi í 28 ár og neitaði að kaupa sér frelsi með því að skrifa undir yfirlýsingu þar sem hann ætti að afneita „hryðjuverkum“. Marwan studdi vopnaða baráttu Tanzim-hreyfingarinnar innan Fatah og hefur hlotið nokkra lífstíðardóma.

En báðir kusu helst frið og sættir,

jafnvel áður en þeir voru fangelsaðir. Ég sá Barghouti í fyrsta sinn árið 1997 þegar hann tók þátt í mótmælagöngu Gush Shalom í Harbata, nágrannaborpi Bil'in, gegn byggingu Modiin-Ilit-landtökubygðarinnar, sem var þá rétt að hefjast. Fimm árum seinna mótmæltum við fyrir utan dómshúsið, á meðan á réttarhöldin yfir honum stóðu yfir, undir slagorðinu „Barghouti að samningaborðinu, ekki í fangelsi!“

Í síðustu viku heimsóttum við fjölskyldu Marwans í Ramallah.

Ég hafði hitt Födwu Barghouti í fyrsta sinn við jarðarför Yassers Arafat. Þá var andlit hennar tárvalt. Það var þröngt um okkur innan um fjölda syrgjenda, hávaðinn var yfirgæfandi og við náðum ekki að skiptast nema á nokkrum orðum.

Í þetta sinn var hún stillt og yfirveguð. Hún hló bara þegar hún heyrdi að Teddy Katz, aktivisti í Gush Shalom, hefði fórnað tánögl fyrir Marwan: Þegar við vorum að mótmæla í réttarsalnum veittust verðirnir að okkur með ofbeldi og einn þeirra steig þungu stígvélinu sínu á fótinn á Teddy, sem var aðeins klæddur ilskóm.

Fadwa Barghouti er lögfræðingur og fjögurra barna móðir, þriggja sona og einnar dóttur. Hár hennar er ljósleitt – hún útskýrði fyrir mér að allir í fjölskyldunni væru ljóshærðir nema Marwan, og bætti við, með sjaldséðu brosi: „Kannski er það arfur frá krossferðunum.“

Barghouti-ættin er afar stór og býr í sex þorpum nálægt Bir Zeit. Læknirinn Mustafa Barghouti, sem er vel þekktur fyrir starf sitt í þágu mannréttinda, er fjarskyldur ættingi þeirra. Marwan og Fadwa – sem er líka fædd Barghouti – fæddust bæði í Kobar-þorpi.

Fjölskylda Barghoutis býr í huggulegri

íbúð í raðhúsi. Á leið minni þangað tók ég eftir byggingaframkvæmdum, sem má sjá víða í Ramallah, fólk virðist vera að vinna að nýjum byggingum á hverju horni, þar á meðal háreistu atvinnuhúsnæði.

Nálægt dyrunum að íbúðinu er útsaumað merki þar sem stendur á ensku: „Velkomin á heimili mitt.“ Íbúðin sjálf er skreytt mörgum myndum af Marwan Barghouti, þar á meðal stórrí teikningu sem er innblásin af myndinni frægu sem sýnir hann í réttarsalnum, þar sem hann heldur járnúðum höndunum sigurviss yfir höfði sér eins og hnefaleikamaður. Þegar öryggissveitirnar leituðu hans lögðu þeir íbúðina undir sig í þrjá sólarhringa og flögguðu með ísraelska fánanum út af svölunum.

Fadwa Barghouti er ein af þeim fáu sem fær að heimsækja Marwan. Ekki sem lögfræðingur, heldur bara sem „náinn fjölskyldumeðlimur“ – en til þeirra teljast foreldrar, makar, systkini og börn yngri en sextán ára.

Sem stendur eru um 11 þúsund palestínskir fangar í ísraelskum fangelsum. Ef maður áætlar að þeir eigi að meðaltali fimm „nána fjölskyldumeðlimi“ hver, þá gerir það 55 þúsund mögulega gesti. Þeir þurfa leyfi fyrir hverri heimsókn og mörgum er hafnað af „öryggisástæðum“. Fadwa þarf líka leyfi í hvert skipti, sem heimilar henni bara að fara beint í fangelsið og til baka, án þess að hún megi stoppa nokkurs staðar í Ísrael. Synirnir þrír fá ekki lengur að heimsækja föður sinn, þar sem þeir eru allir orðnir eldri en sextán ára. Aðeins unga dóttirin getur heimsótt hann.

Það er varla neinn sem er vinsælli meðal palestínsks almennings heldur en Marwan Barghouti. Hann líkist Mandela líka að þessu leyti, á meðan hann var í fangelsi.

Það er erfitt að útskýra hvaðan þetta vald kemur. Það tengist ekki hárrí stöðu hans í Fatah, þar sem hreyfingin er óskipulögð og það er enginn skýr valdastigi. Allt frá því að hann var einfaldur aktivisti í þorpinu sínu hefur vegur hans vaxið innan hreyfingarinnar í krafti persónuleika hans. Þetta er hið dularfulla fyrirbæri sem kallast persónuöftrar. Það geislar af honum einhver hljóðlát tign sem þarfnast engar sýndarmennsku.

Þótt Fatah og Hamas ati hvorir aðra auri, þá hefur enginn blettur fallið á Marwan. Hamas gæta þess sérstaklega að ráðast ekki á hann. Þvert á móti var hann efstur á lista yfir þá fanga sem þeir vildu fá í skipting fyrir hermanning Gilad Shalit, sem enn er haldið í gíslingu, þrátt fyrir að Marwan sé leiðtogi í Fatah.

Það var hann sem var höfundur hins fræga „fangaskjals“ ásamt fangelsuðum leiðtogum hinna hreyfinganna, þar sem var kallað eftir þjóðarsamstöðu. Allar palestínsku hreyfingarnar samþykktu skjalið. Þannig varð „Mekku-



samkomulagið“ til, sem Þjóðstjórnin byggðist á, sem lifði þó ekki lengi. Áður en fylkingarnar skrifuðu undir fóru sendiboðar til Marwans í flýti til að fá samþykki hans. Það var ekki fyrr en að því fengnu, að skjalið var undirritað.

Ég nýtti mér ferð mína til Ramallah til að fá hugmynd um skoðanir fylgismanna Barghoutis. Þeir reyna að láta ekki spillast af þeirri fæð sem fylkingarnar tvær leggja hvor á aðra.

Sumir þeirra eru ákafir í andstöðu sinni gegn aðgerðum Hamas á Gaza, en reyna þó að skilja orsakirnar. Þeir telja að Hamasliðar hafi, ólíkt mörgum leiðtogum Fatah, aldrei dvalist á Vesturlöndum og hafi ekki gengið í erlenda háskóla. Hugarheimur þeirra hafi mótast af trúarlegri menntun. Þeir hafi þróngan sjóndeildarhring. Hin flókna staða alþjóðamála, sem þjóðarhreyfing Palestínumanna er skilyrt af, sé þeim alveg frumandi.

Viðmælendur mínur skýrðu mér frá því að Hamas vonuðust eftir að fá 35-40% atkvæða í síðustu kosningum, sem mundi ljá hreyfingu þeirra lögmæti. Það kom þeim gjörsamlega á óvart þegar þeir fengu meirihluta. Þeir vissu ekki hvað þeir áttu að gera. Þeir voru ekki með neinar tilbúnar áætlanir. Þeir gerðu mistök með því að mynda ríkisstjórn með eintómum Hamas-liðum, í stað þess að krefjast þjóðstjórnar strax. Þeir vanmátu viðbrögð alþjóðasamfélagsins og Ísraels.

Stuðningsmenn Marwans óttast ekki sjálfs gagnrýni. Að þeirra áliti eru Fatah ekki saklausir af því sem gerðist á Gaza. Það var óskynsamlegt af hreyfingunni að handtaka og niðurlægja leiðtoga Hamas.

Þeir handtóku til dæmis Mahmoud al-Zahar, utanríkisráðherra í ríkisstjórn Hamas, niðurlægðu hann, skáru af honum skeggið og uppnafndu hann eftir frægri egypskri dansmey. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því brennandi hatri sem al-Zahar og félagar hans bera til Fatah.

Ég heyrði þá ekki neita þeirri staðhæfingu Hamas, að Muhammad Dahlan, fyrrum trúnaðarmaður og öryggisráðgjafi Mahmoud Abbasar hafi lagt á ráðin með Bandaríkjamönnum um að fremja valdarán á Gazaströndinni. Samkvæmt því sem þeir segja taldi Dahlan, sem er óskabarn Bandaríkjastjórnar (og Ísraels), að ef honum væri séð fyrir nægilegu magni af vopnum og fé, gæti hann lagt Gaza undir sig. Það hafi orðið til þess að Hamas ákváðu að verða fyrri til og taka sjálfir völdin þar með vopnavaldi. Þar sem meirihluti almennings studdi Hamas og fyrirleit Dahlan, sem var ásakaður um að vera samverkamaður hernámsins, sigruðu Hamas auðveldlega. Abbas hefur nú sent Dahlan í útlegð.

Þungamiðja Hamas er á Gazaströndinni. Það setur leiðtoga þeirra, Khaled Mashal, sem dvelur í Damaskus, í óþægilega stöðu. Ólíkt undirmönnum sínum á hann sjálfur ekki rætur á Gaza. Þess vegna þarf hann fé til að styrkja stöðu sína þar, og það fær hann frá Íran.

(Ég hefði viljað skýra frá sjónhorni Hamas, en það er ómögulegt að komast inn á Gazaströndina og allir talsmenn Hamas sem ég þekki í Austur-Jerúsalem hafa verið sendir í fangelsi.)

Hvernig eiga Palestínumenn að losa sig úr þessum hnút? Hvernig

geta þeir endurreist þjóðarforystu sem allar fylkingar á Vesturbakkanum og Gazaströndinni geta fallist á, sem getur fylkt þjóðinni í baráttu sinni og samið frið við Ísrael, þegar það verður mögulegt??

Fylgismenn Barghoutis telja að þegar Ísraelar átta sig á því að þeir þarfnast friðar, verði Barghouti látinn laus úr fangelsi og muni gegna lykilhlutverki í sáttaviðræðum – svipað því þegar Mandela var látinn laus úr suður-afrísku fangelsi þegar ríkisstjórn hvítra komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri lengur hægt að halda apartheid-stjórninni við. Ég er viss um að til þess að þetta geti orðið verði friðarhreyfingar í Ísrael að hefja stóra herferð fyrir því að Barghouti verði sleppt.

Hvað mun gerast í milltíðinni?

Það er varla nokkur Palestínumaður sem trúir því að Ehud Olmert muni ná fram friðarsamkomulagi og hrinda því í framkvæmd. Það trúir því nánast enginn að „alþjóðaráðstefnan“ muni leiða til neins, en hana á að halda í nóvember. Palestínumenn telja að Bush forseti hafi einungis verið að kasta kjötbeini til Condoleezza Rice, en stuðningur við hana hefur farið hríðminnkandi undanfarið.

Og ef það ber engan árangur?

„Það er ekkert tómarúm,“ sagði einn af Fatah-leiðtogunum mér. „Ef tilraunir Abbasar forseta bera ekki ávöxt verður ný sprenging, rétt eins og intifadan eftir að samningaviðræðurnar í Camp David fóru um þúfur.“

Hvernig er það mögulegt, eftir að aktívistar í Fatah hafa lagt niður vopn og afneitað ofbeldi? „Ný kynslóð mun rísa upp,“ sagði viðmælandi minn, „rétt eins og hefur gerst áður – ein kynslóð þreytist og ný tekur við af henni. Ef hernáminu lýkur ekki og ef það verður enginn friður, ef fólk af þessari kynslóð kemst hvorki í háskóla, né getur sinnt fjölskyldum sínu og starfi, er enginn vafi á að ný intifada mun brjótast út.“

Til að friður náist, þarfnast palestínska þjóðin samstöðu, rétt eins og Ísraelar þurfa að sammælast um að draga sig til baka. Maðurinn sem er tákn vonarinnar um samstöðu meðal Palestínumanna situr nú Hasharon fangelsinu.

*Uri Avnery er ísraelskur rithöfundur, fyrrum hermaður, stjórnmalamaður, blaðamaður og aktívisti sem hefur helgað langt líf sitt friðarbaráttunni og er meðal stofnenda friðar-samtakanna Gush Shalom. Einar Steinn Valgarðsson þýddi.*


# Ég lifi fyrir Palestínu

**D**eilan fyrir botni Miðjarðarhafs snertir réttlætiskennnd mína svo mikið að ég get ekki setið aðgerðalaus. Ég valdi námið til að læra leikreglurnar. Ég vil þekkja rétt minn og vera hæf til að meta málefnið faglega. Ég vil geta miðlað upplýsingum um þetta því ég tel að fjölmiðlar standi sig ekki í stykkinu. Það er ekki víst að ég fái að skrifa það sem ég vil, en ég vil gjarnan senda skilaboð um að ég er ekki palestínskur sjálfsmorðingi, heldur hef ég önnur úrræði.“

Þetta segir hin 23 ára gamla palestínskt ættaða Asta, nemandi á öðru ári í stjórn málafræði við háskólann í Árósum. Hún er fædd og uppalin í Danmörku, á palestínskan föður, danska móður. Faðir hennar er fæddur í Palestínu en fjölskylda hans flúði til Líbanon þegar Ísraelsríki var stofnað. Land þeirra var tekið af þeim og þeim var lofað því að geta snúið aftur, en það hefur ekki enn verið uppfyllt. Foreldrarir stóðu frammi fyrir þeirri ákvörðun að vera um kyrrt og berjast – eða flýja. Þau völdu að flýja, barna sinna vegna. Faðir Asta bjó í flóttamannabúðum til fullorðinsára, þegar hann flutti til Berlínar til að mennta sig. Þar hitti hann móður Asta. Foreldrar hans og fjölskylda búa ennþá í flóttamannabúðunum í Líbanon en eru ekki með ríkisborgararétt þar, og hluti af fjölskyldunni er búsett í Sírylandi og er með sírylenskan ríkisborgararétt. Flóttamannabúðirnar voru settar upp tímabundið en eru orðnar varanlegar, einskona sjálfstæð samfélög. Þær eru eins og lítil bær með búðum og götum. Það er mikið atvinnuleysi og vinnan er öll utan búðanna. Palestínumönnum er mismunað, að sögn Asta eru þeir hin nýja undirstétt, líkt og nýbúarnir í Danmörku. Foreldrar föður Asta lögðu mikla áherslu á menntun hans og hann var sendur í menntaskóla, sem er ekki algengt. Lífið í flóttamannabúðunum var ekki létt, hann vann frá unga aldri og honum var strítt. Hann þurfti að þola mikið áreiti, verkefni hans voru tekin af honum á leið í skólann og þau rifin í búta.

„Pabbi minn hefur mikið rætt um Palestínu við mig og systkini mín. Þetta snertir hann mikið. Ísrael hefur lokað landamærum sínum fyrir Palestínumönnum og fólki með palestínskar rætur. Svo pabbi kemst ekki inn í heimalandið sitt. Ég hef orðið vitni að því að hann

bresti í grát þegar hann sér landið sitt. Ég skil hann vel, honum hefur alla tíð fundist vera gefinn skítur í sig. Ástandið hefur gersamlega brotið hann niður. Ég er ekki sammála honum í einu og öllu en ég skil hann vel. Ég hef aðrar forsendur en hann, er ekki brennimerkt þessu á eigin skinni og ég nálgast þessa baráttu á öðrum forsendum. Það er mikið lagt upp úr því í minni fjölskyldu að koma vel fram við aðra og ég vil leggja mitt af mörkum



**G. Rósa Eyvindardóttir ræðir við palestínska stúlku í Danmörku**

til að bæta stöðuna, ekki bara í Palestínu heldur líka almennt. Palestínudeilan er samt það málefni sem ég lifi fyrir.“

**Mig langar til að biðja þig um að meta málefnið útfrá annars vega fræðilegu sjónarhorni og hins vegar út frá tilfinningum þínum sem Palestínumaður. Ef við byrjum á fræðilegum nótum, um hvað snýst deilan að mati þínu sem fræðimaður?**

„Lýðræði. Sumum er hent út úr landinu sínu, öðrum leyft að vera. Þetta er líka spurning um siðferði. Staðan er í dag spurning um hvernig fáum við þetta til að hanga saman og virka. Sem stjórn málafræðingur getur maður verið ósammála. Það hefur vissulega miklum tíma og kröftum verið varið í þetta málefni hjá Sameinuðu þjóðunum, sáttmálarsam-

þykktir sem svo er ekki farið eftir. Hvað á að nota NATO í fyrst það er gengið fram hjá þessum sáttmálum? NATO er ótrúverðugt og heimurinn líka.“

**Hvernig hefur heimurinn tekist á við þetta vandamál, hvernig er aðkoma hans að málefniinu?**

„Lausnin er pólitískur vilji en hann vantar frá öllum aðilum. Það hefur ekki verið tekið á þessu, þetta er svona „non-decision area“. Deilan er ekki rædd á réttum forsendum eins og hvar landamærin eigi að vera eða hvenær nákvæmlega þeir dragi sig til baka. Ég hef það á tilfinningunni að allir aðilar viti um hvað þetta snýst. Alþjóðlegir aðilar vita það sennilega betur en hinn venjulegi Dani eða Ísraeli, en þora ekki að taka skrefið til fulls og taka ákvarðanir. Þeir eru pólitískt bundnir, NATO er bundið Bandaríkjunum sem aftur er undir sterkum áhrifum gyðingalobbisins. Og þegar öllu er á botnin hvolft þá stjórna Bandaríkin þessu.“

**Hver er ástæðan fyrir þessum ákvarðanatökum í deilunni?**

„Þetta snýst um samviskubit gagnvart gyðingum, en líka um að standa vörð um hagsmuni. Frakkar og Bretar viðurkenna ekki mistök sín og eru að reyna að halda andlitinu yfir þessu. Það gerist ekkert raunverulegt fyrir Bandaríkin hættu að styðja Ísrael, en þá kæmist líka skriður á hlutina.“

**Er sagan að endurtaka sig?**

„Já það er þversögnin í þessu. Palestínumenn verða fyrir kerfisbundnu áreiti. Það voru nokkrir sem tóku upp á myndband þegar verið var að áreita þau og einn fulltrúi gyðinga sagði að þetta væri einmitt það sem gerðist í helförinni. En fólk vill ekki líkja þessu saman. Af því að það er ekki verið að setja Palestínumenn í eiginlegan gasklefa.“

**Er þetta þjóðarmorð?**

„Það er mjög róttækt að fullyrða það í stjórn málafræðiheiminum, það má ekki segja það á þennan hátt. Það má hreinlega ekki hreyfa við helförinni.“

**En það á að spyrja erfiðra spurninga í akademíunni og ef maður gerir það, er þá hægt að fullyrða að þetta sé þjóðarmorð?**

„Já algerlega, það er ekki kerfisbundið verið að hreinsa eða þurrka út Palestínu en þeir eru neyddir til að flýja eða búa á vissum svæðum og áreitir þar sem þeir eru svo jú, það má segja að þetta sé þjóðarmorð. En reynsla mín er sú að ef maður fullyrðir það er maður ekki tekin alvarlega í akademíunni. Það virðist vera of róttækt og umdeilt að líkja þessu saman.“

**Má ekki snerta þetta svæði í akademíunni?**

„Nei. Og fólk virðist nefnilega ekki alveg gera sér grein fyrir hversu alvarlegt ástandið er. Það eru fáir sem hafa þetta sem sérgrein, þetta er kannski ekki



Asta; hún vildi ekki þekkjast á mynd, þar sem hún óttaðist að gjalda skoðana sinna í framtíðinni.

spurning um að menn séu hræddir við að segja þetta, frekar snýst þetta meira um skort á vitneskju.“

**Og hver er lausnin á deilunni, að mati þínu sem fræðimaður?**

„Á raunsæisnótum þá er það tveggja ríkja lausn. Ég hef ekki trú á því að Palestínnumenn og Ísraelar geti búið saman í einu ríki. Palestínnumenn verða að fá viðurkenningu í einhverju formi, meiri lífsgæði, og að þeir finni fyrir því að þeir séu borgarar í eigin ríki. Þessar viðurkenningar verða að koma frá Ísrael. Ég tel 1948 stöðuna of bjartsýna, en það er erfitt að átta sig á hvar landamærin eiga að liggja. Ég átta mig ekki á hvað Ísrael væri til í að teygja sig langt, þeir eiga erfitt með viðurkenningar. Og það er of mikill kuldi og gagnkvæm óvild til að eitt ríki gæti orðið að veruleika. Kannski er líka erfitt fyrir Palestínnumenn að greina milli Ísraelsríkis og Ísraels sjálfra, hvað ríkið hefur gert þótt einstaka gyðingur hafi ekki gert það. Bæði gyðingar og Palestínnumenn eru reiðir hverjir út í aðra. Það er of mikil reiði í gangi. Of mikið persónulegt hatur. Og það vantar þessa gagnkvæmu skuldbindingu sem er nauðsynleg í ríkiskerfinu, ef um væri að ræða eins ríkis lausn.“

**Mig langar núna til að spyrja þig sem Palestínnumann, hvaða orð notarðu fyrir tilfinningar þínar gagnvart þessari deilu?**

„Óréttlæti. Við höfum virkilega verið svikin. Allur heimurinn hefur snúið við okkur baki. Heiminum er skítasama um okkur, ólífvutrén okkar, menningararf okk-

**Í staðinn fyrir að bregðast alltaf bara við, þá ætti að taka frumkvæðið, snúa vörn í sókn. Arafat notaði þá strategíu í lokin og ég hef það á tilfinningunni að það hafi skapað meiri jákvæðni**

ar . . . mér finnst við vera hunsuð. Það finnst mér erfitt. Að vera algerlega virt að vettugi.“

**Hvað með tilfinningar eins og reiði og hatur?**

„Haturnast mér ekki og leiðir ekki til neins. Ég bý á Vesturlöndum en þabbi minn, sem er alin upp á þessu svæði, er hatursfullur. Hann sér ekki fram á veginn; eins og margir Palestínnumenn er hann

blindaður af hatri, enda verið innprentað það frá æsku. Það gerir aftur að verkum að mér finnst þeir ekki geta staðið saman um það sem raunverulega skiptir máli. Að upplýsa heiminn, það vantar ekki samúð gagnvart Palestínnumönnum en þeir nýta það ekki til fullnustu sjálfir. Ég reyni að forðast hatun en það eru margir sem hafa þá tilfinningu.“

**Hvað gerist inni í þér þegar þú heimsækir fjölskyldu þína í flóttamannabúðirnar í Libanon eða hugsar til þeirra?**

„Ég er ekki með samviksubit. Ég er vel sett í mínu lífi og það er vel. Við fjölskyldan hjálpum þeim eins og við getum, fjárhagslega og á annan hátt. En ástandið hefur mikil áhrif á mig, fátæktin og hvernig þetta líf er bara barátta og ekkert annað. Ég verð leið og finn til samúðar.“

**Vonleysi?**

„Já séstaklega utan Palestínu. En innan hennar er von. Flóttamennirnir koma aldrei til baka. Vonin um að snúa aftur fær fólk til að fara á fætur á morgnanna, vonin er þar en ég tel þessa von ekki raunsæja. Þessi von hindrar fólk t.d. í að sækja um ríkisborgararétt í þeim löndum sem þau eru í, Jórdaníu, Libanon, því það er eins og að segja „Við förum aldrei til baka.“ En ríkisborgarétti fylgja jú réttindi sem þau hafa svo ekki fyrir vikið. Ég skil þau á vissan hátt en þetta er óraunsætt . . . Svo það er tekist á við þetta vandamál á röngum forsendum. Og það er einmitt það sem mér finnst vera einkenni á nálguninni að þessum hlutum, að beina orkunni í rangan farveg, eins og að einbeita sér að baráttuefni eins og afneitun helfararinnar. Þetta snýst jú um að Palestínnumenn fái að hafa það betra, en fókusinn er mikið á röngum forsendum að mínu mati. Þetta er vörn, en í staðinn fyrir að bregðast alltaf bara við, þá ætti að taka frumkvæðið, snúa vörn í sókn. Arafat notaði þá strategíu í lokin og ég hef það á tilfinningunni að það hafi skapað meiri jákvæðni.“

**Væri einhver fréttalutningur ef þessi sjálfsvarnaruppreisn væri ekki í gangi? Hvernig telur þú að eigi að höndla þessa baráttu?**

„Fólk kastar steinum eða gerir sjálfsmorðsárásir vegna þess að því finnst það ekki hafa neina aðra valkosti, val þess stendur milli þess að gera þetta eða liggja heima og gera ekkert... En mér finnst að við ættum að reyna að nota fjölmiðla öðruvísi, við Palestínnumenn utan Palestínu til dæmis, upplýsa um ástandið, reyna að tala máli þeirra. Ein lausn væri til dæmis að skrasetja hvernig lífið er og þetta ofbeldi sem er í gangi gegn Palestínnumönnum. Skrasetja eigin sögu, útvega sönnunargögn. Það er verið að hrækja á Palestínnumenn í orðsins fyllstu merkingu. Og í augnablikinu hefur þú til dæmis bara mín orð fyrir því.“



### **Hvernig standa arabalöndin sig gagnvart Palestínu?**

„Tilfinningin er að þau hafi svikið líka. Það hefur eiginlega enginn áhuga á að hreyfa við þessu málefni, það er of eldfimt pólitískt séð. Þetta er jafnvægisþing, af því að þeir vilja líka gott samband við Vesturlönd, sem þýðir líka við Ísrael. Löndin í kring vilja hjálpa Palestínu og þau standa með þeim en þetta er svo pólitískt og þau leggja ekki í þá baráttu.“

### **Er þetta eins og „við og þau“ eða er þetta eins og fjölskylda?**

„Nei upplifunin er sú að maður stendur einn í baráttunni og að þetta sé ekki ein fjölskylda. Og maður er svikin frá öllum hliðum og það er erfiðara þegar það eru „manns eigin“. Þetta er svo mikið jafnvægisþing fyrir hina, eins og sýndi sig þegar Ísrael réðist á Líbanon, að ef maður færir sig upp á skaftið við Ísrael þá fær maður það margfalt aftur til baka. Það er kannski erfitt að álasa löndunum í kring fyrir að standa ekki nægilega með Palestínu þegar þeim er refsað fyrir það, en það er alla vega hægt að álasa þeim fyrir ómannúðlega meðhöndlun í flóttamannabúðunum.“

### **Finnurðu fyrir fordómum gagnvart Palestínu í fjölmiðlum eða hjá hinum venjulega Dana, eða einhverju sem þér finnst þú þurfa að réttlæta eða leiðrétta?**

„Mér finnst samúðin liggja hjá Palestínu á Vesturlöndum en fjölmiðlar sýna mjög skerta mynd af ástandinu. Það er t.d.

mikill munur á Al-Jazeera og dönsku sjónvarpsstöðinni TV2. Það vantar meiri blæbrigði hjá fjölmiðlum á Vesturlöndum, eins og þegar fjallað er um Hamas sem hryðjuverkasamtök af því að Bandaríkin og Evrópusambandið eru með þau á einhverjum lista, en það vantar að segja frá félagslegu hreyfingunni Hamas, sem hefur hjálpað samfélagslega séð sem einskona hjálparstofnun og stutt mikið við bakið á Palestínumönnum. Það vantar líka að gagnrýna lýðræðisvinkillinn – við biðjum Palestínumenn um að taka þátt í lýðræðisferli, að kjósa, en svo velja þeir „rangan“ aðila og þá er allt fjármagn til Palestínu fryst. Þarna finnst mér vera upplýsingaskortur, að fjalla um hlutina frá fleiri hliðum og setja spurningamerki við það sem er að gerast. Ég held að Vesturlandabúar átti sig ekki á hversu alvarlega er verið að áreita Palestínumenn, konur þurfa að fæða við eftirlitshliðin af því þær fá ekki að fara í gegn! Það er heldur ekki fjallað um hvað fær lítinn dreng til að sprengr sig í loft upp. Fjölmiðlar hafa brugðist hlutverki sínu og ég álas þeim eiginlega mest. Venjulegt fólk veit ekki hvað er í gangi, og þegar ég segi þeim frá því þá heyrir ég iðulega: „Ertu nú alveg viss um að þetta sé svona alvarlegt?“ Ég held að við þurfum að gera okkur betur grein fyrir því hvaða kostnað það hefur haft í för með sér, að fólki hafi verið hent út úr landinu sínu. Og það myndi hjálpa ef fjölmiðlar stæðu sig betur. Skilninginn

vantar og mér finnst ég endalust þurfa að útskýra alvöru málsins, því fólk trúir því ekki að ástandið sé eins slæmt og það er. Ég þarf að réttlæta að ég sé Palestínumaður, á einhvern hátt þyki ég ekki eins trúverðug vegna þessa, sama hversu fagleg ég reyni að vera.“

### **Og þú hefur ákveðið að helga þig baráttu Palestínu?**

„Já. Ég er fædd og uppalin í Danmörku. En ég er líka Palestínumaður. Þetta er einskona missjón fyrir mig, og reyndar okkar systkinanna allra, mjög áleið efni, verkefni sem ég ætla að helga mig. Við systkinin förum diplómátskar leiðir, við höfum efni á því en pabbi er sennilega of brennimerktur. Einn bróðir minn er núna í starfsþjálfun, tengdustjórnmálafræðinámi hans, í sendiráði Dana í Ramallah. Og ég valdi stjórnmálafræðina til að geta notað hana sem faglegan grunn fyrir þessari missjón minni. Þannig tel ég að ég verði hæf til að meta ástandið faglega – og miðla því faglega, því eins og ég sagði, mér finnst vanta faglega umfjöllun um það sem er að gerast, meiri blæbrigði og út frá öðrum og fleiri hliðum og sjónarhorni. Ég vil að heimurinn átti sig á hvernig hið raunverulega ástand í Palestínu er, hversu alvarlegt það er, og þar ætla ég að beita mér.“

Um leið og við Asta kveðjumst segir hún og brosir til mín: „Það hefur verið áskorun fyrir mig að koma tilfinningum mínum um Palestínu í orði!“

# Þarf alþjóðasamfélagið sterkari gleraugu?

Ísraelsríki er stöðugt í fréttum, oft vegna hernaðaráttaka, stundum vegna landtökubýggða og stöku sinnum vegna s.k. friðarferlis. Þetta smávxna ríki er um 20.700 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Að auki eru landsvæði sem Ísraelar hafa hertekið eftir 1967 um 7.400 km<sup>2</sup>. Á þessu svæði öllu búa nú um 6,6 milljónir innan núverandi landamæra ríkisins og tæplega 4 milljónir á herteknum svæðum. Samtals rúmlega 10 milljónir manna, sem skiptast til helminga í araba og gyðinga á svæði sem er um ¼ hluti Íslands að stærð.

Á Vesturlöndum er Ísrael yfirleitt talið til lýðræðisríkja, einskonastrænn út-vörður í austri. Evrópusambandið styður ríkið pólitískt og efnahagslega og Bandaríkin veita engu öðru landi jafn mikla aðstoð, jafnt pólitískt, efnahagslega sem hernaðarlega – fjárframlög frá BNA nema rúmlega einum milljarði kr. dag hvern og þar af fer einn milljarður á mánuði til að byggja landtökubýggðir á hernumdu landi, sem er stranglega bannað í samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Hinir sterku bandamenn Ísraelsríkis telja sig fremst í flokki þeirra ríkja sem aðhyllast lýðræði og mannréttindi. Í því ljósi væri eðlilegt að álykta að Ísrael hafi mikilvægt hlutverk á þessum sviðum.

Um Ísrael ríkir þó enginn friður, það líður vart heil vika án þess að fréttir berist af átökum sem Ísrael á þátt í. Hvað veldur? Eru það andstæðingar lýðrættinda og vestrænna gilda sem herja stöðugt á þenna útvörð? Eða er það tilkoma og eðli Ísraelsríkis sem skapar þennan ófrið sem hefur brátt staðið í 60 ár.

Í þessari grein mun ég reyna að varpa ljósi á þá þætti sem skipta máli þegar menn skoða þennan vettvang átaka og armæðu.

## Lýðræði og mannréttindi

Frá barnæsku er Íslendingum innrætt að þeir búi við stjórnmalalegt lýðræði, njóti mannréttinda og séu jafningjar gagnvart lögum. Og þótt menn greini á um hversu lýðræðið sé fullkomið og mannréttindin víðtæk þá ríkir almenn sátt um þennan sameiginlega grunn. Lýðræði og mannréttindi eru ekki sjálfgefin, víða skortir þessi réttindi alveg og sífellt þarf að berjast gegn þeim sem reyna að grafa undan þessum réttindum okkar.

Mannréttinasáttmáli SP er skýr:

„Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi. Hver maður skal eiga

kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætt-ernis eða annarra aðstæðna.

Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands

## Ísraelsríki undir smásjóni í tilefni 40 ára hernáms



Eftir  
Hjálmtý  
Heiðdal

þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.“

Ofanritað sýnir að í orði aðhyllist hið s.k. alþjóðasamfélag víðtæk mannréttindi, sem skulu varin með lögum og lögin eru varin með valdi ríkisins. Það er jafnframt viðurkennt að njóti menn ekki grundvallarréttinda, þá séu það eðlileg viðbrögð að rísa gegn kúgun og ofbeldi.

En þegar kemur að málefnum Ísraelsríkis, þá kemur upp sú sérkennilega staða að öllu er snúið á haus. Skerðing mannréttinda er varin með lögum í Ísrael og uppreisn hinna kúguðu talin vera orsök átakanna. Og Vesturlönd, með Bandaríkin í broddi fylkingar, vinna að s.k. friðarferli skv. þessari öfugsnúnu afstöðu, mannréttindi Palestínumanns virt að vettugi en sífellt talað um allir verði að viðurkenna Ísrael – ríki sem viðurkennir ekki mannréttindi milljóna manna.

Franski heimspekingurinn og prófessorinn Etienne Balibar, sem hefur í skrifum sínum fjallað mikið um tilgang laga og réttar, skrifaði í franska blaðið Le Monde að málstaður Palestínumannna

væri málstaður allra manna; að viðurkenning á rétti þeirra skeri úr um það hvort alþjóðalögum verði framfylgt eður ei.

## Hverjir gagnrýna Ísraelsríki?

Í 65 skipti hafa stjórnvöld í Ísrael verið fordæmd af Sameinuðu þjóðunum vegna brota á sáttmálum SP. Jimmy Carter, frv. Bandaríkjaforseti, hefur ritað bók gegn stefnu Ísraels, titill bókarinnar er Palestína: *Frið, ekki kynþáttaaðskilnað* (e: Palestine: Peace Not Apartheid), Desmond Tutu biskup í S-Afríku hefur lýst Ísrael sem ríki kynþáttaaðskilnaðar og hvatt til alþjóðlegra refsiaðgerða líkt og beitt var með góðum árangri gegn kúgunarstjórninni í S-Afríku. Getur verið að ríki sem virðist halda uppi merkjum lýðræðis og mannréttinda verðskuldi slíkar ásakanir?

En þrátt fyrir margendurteknar og alvarlegar ásakanir alþjóðastofnana, mannréttinda- og friðarsamtaka og atkvæðamikilla einstaklinga láta stjórnvöld víða um heim eins og allt sé í stakasta lagi. Ísraelar taka meira að segja þátt í Evróvísion!

Hvað er það þá sem Tutu, Carter o.fl. eru að agnúst út í?

Til þess að átta okkur á eðli Ísraelsríkis er nauðsynlegt að skoða grundvallaratriði, s.s. lög og kerfið sem framfylgir lögunum. Einnig stjórnmalavettvanginn, kynnast helstu stefnum og birtingarmynd þeirra.

## Ríkir lýðræði í Ísrael?

Í fimmtíu ár hafa Ísraelar reynt árangurslaust að koma sér saman um stjórnarskrá. Í stað stjórnarskrár hafa gilt s.k. grunnlög sem skilgreina ríkið og réttindi þegnanna.

Nýlega setti núverandi stjórnarskrá-nefnd fram tillögur að stjórnarskrá. Upphafsorð hennar eru: „Ísrael er lýðræðislegt gyðingaríki“ (e: „Israel is a Jewish and democratic state“). Í grunnlöggunum sem nú eru í gildi segir: „Tilgangur þessara grunnlaga er að verja mannlega reisn og frelsi svo grunnlögin nái yfir gildi Ísraelsríkis sem lýðræðislegs gyðingaríkis.“

Í stofnyfirlýsingu Ísraels frá 1948 er skráð: „Eretz-Israel (Land Ísraels) var fæðingastaður gyðingabjóðarinnar.“ Ekki fer á milli mála eftir þennan lestur að ríkið er ríki gyðinga – ekki ríki allra sem þar búa, heldur þeirra sem þar búa og eru gyðingar. Nú vill svo til að





20% íbúanna eru ekki gyðingar. Gæti íslenska stjórnarskráin verið orðuð með líkum hætti og Ísland áfram talist til lýðræðisríkja?

„Ísland er lýðræðisríki 80% Íslendinga.“ Þetta væri yfirlýsing um að 60.000 Íslendingar væru utangarðs þegar sjálfur grundvöllur þjóðskipulagsins væri ákveðinn. Kæmi hljóð úr horni? Yrði kvartað undan skorti á jafnræði? Myndu íslenskir stjórnmalámennt veifa þessu plaggi kotrosknir og fá almenna viðurkenningu fyrir? Ég veit það ekki, þetta hefur ekki verið reynt. Ísrael er reyndar eina ríkið á jarðarkringlunni sem hefur lýst því hreinlega yfir að það sé ekki ríki þeirra sem þar búa, heldur hluta íbúanna. Það getur tæpast verið þægileg tilfinning að búa í slíku landi – fyrir þá sem ekki eru gyðingar.

### Zioniskur sjóður fyrir gyðinga

Í grunnlögum landsins er staðfest að 93% alls landrymis í Ísrael er í eigu 3 aðila, þ.e. ríkisins, Yfirvalda þróunar og Þjóðarsjóðs Gyðinga (Jewish National Fund). Þjóðarsjóðurinn „er hluti Heimshreyfingar zionista“ eins og segir í kynningarplöggum og var stofnaður af Theodor Herzl, upphafsmanni zionismans. Það segir sig sjálft að aðrir en gyðingar geta ekki átt hlut í hinum zioníska Þjóðarsjóði, og því er eignarhald á landi ekki hluti þeirra réttinda sem þau 20% landsmanna, sem eru ekki gyðingar, njóta.

Á Íslandi væri varla friður um það að 60 þúsundin sem ekki eru með í grundvelli stjórnarskrárinnar væru einnig sett til hliðar með þessum hætti. Þjóðlendustríð ríkisstjórnarinnar sem nú geysar hérlendis sýnir okkur að það yrði ekki átakalaust ef slíkt væri reynt. 60.000 Íslendingar eru kraftmikill kór og það dyggði ekkert annað en margelfd Víkingasveit til að halda þeim í skefjum

ef til alvarlegra átaka kæmi. Þau 20% landsmanna í Ísrael sem eru ekki gyðingar telja nú 1,2 milljónir (arabar og drúsar). Og til þess að tryggja það að eignarhald á landi breytist ekki þá er það skráð í Grunnlögin að „land í eigu þessa þriggja aðila megi aldrei selja né láta af hendi með öðrum hætti.“

Til þess að stjórna landnotkun þá er skipað í Landaráð Ísraels (Israel Lands Council). Helmingur ráðsmanna eru skv. lögum frá Þjóðarsjóði gyðinga og restin frá ríkinu. Fulltrúar ríkisins eru einnig gyðingar, enda erum við að tala um hið „lýðræðislega gyðingaríki.“ Eignarhald Þjóðarsjóðs gyðinga og ríkisins gerir það að verkum að hvorki arabar, né aðrir sem ekki eru gyðingar, geta eignast land í Ísrael þótt þeir séu löglegir íbúar landsins, þeir eru ekki gyðingar og þar við situr. Jafnvel þótt stór hluti Ísraelsríkis standi á stolnu landi (gyðingar áttu aðeins 7% landsins 1947) og engar bætur hafa komið fyrir. Við stofnun Ísraelsríkis áttu arabar töluvert land en með ýmsum hætti hafa þeir misst það í hendur gyðinga og nú eru aðeins um 3% eftir í eigu þeirra.

### Allir nema Hafnfirðingar, Kópavogsbúar, Garðbæingar og Álftnesingar

Til þess að átta okkur betur á raunstærðum í þessum dæmum sem hér eru sett fram þá verður spyrða saman alla íbúa Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar og Álftaness til þess að setja saman hóp 60.000 Íslendinga.

65. grein íslensku stjórnarskrárinnar yrði þá orðuð svona:

„Allir, nema Hafnfirðingar, Kópavogsbúar, Garðbæingar og Álftnesingar, skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnaðags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Í 72. grein íslensku stjórnarskrárinnar segir:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“ Til þess að átta okkur á aðstæðum í Ísrael verðum enn að setja Hafnfirðinga og nággranna í spor þeirra íbúa Ísrael sem ekki eru gyðingar.

„Engan, nema Hafnfirðinga o.s.frv. má skylda til að láta af hendi eign sína...“

### Lögbundið kynþáttamisrétti

Ísraelar búa í raun við tvennskonar lög, annarsvegar veraldlegu lögin eins og þau eru í Grunnlögunum og hinsvegar trúarleg lög (Halakha) sem ná til m.a. fjölskyldumála, s.s. hjúskapar. Þrátt fyrir að því sé haldið fram víða að Ísrael sé lýðræðisríki, þá hlýtur það að sá efa í brjóst lýðræðissinna að uppgötva að í hluta grundvallarlaganna er landsmönnum mismunað augljóslega eftir því hvort þeir eru gyðingar eður ei. Þ.e. aðgreining eftir kynþáttum og trú er staðfest þegar lög um landareignir, frjálsan flutning til landsins, giftingu, sameiningu fjölskyldna ofl. eru skoðuð.

Þegar þau 20% landsmanna sem lög-in beinast gegn reyna að verjast eignaupptöku getur það orðið þeim dyrkeypt.

Árið 1976 mótmæltu íbúar í bænum Sakhnin (skammt frá Accra) því að Landvarnaráðuneyti Ísraels ákvað að taka land þeirra undir búsetu annarra. Mótmælendurnir voru að sjálfsögðu arabar sem höfðu búið í bænum kynslóð fram af kynslóð og hinir nýju ætluðu íbúar gyðingar. Sex mótmælendur voru drepnir og mótmælendur náðu ekki markmiðum sínum (árið 2001 voru 12 arabískir mótmælendur drepnir á sama stað). Þetta dæmi sýnir í hnotskurn hlutskipti þeirra sem ekki eru gyðingar en eru ofurseldir lögum hins „lýðræðislega gyðingaríkis.“

Í dag er Sakhnin umkringt gyðingabyggðum og árið 2002 taldi ísraelski herinn nauðsynlegt að útbúa svæði til hergagnaframleiðslu – og víti menn, svæðið varð að vera nákvæmlega þar sem helstu ræktunarlönd Sakhninbúa eru (voru). Og fyrirhugað íþróttahús þeirra varð að víkja vegna stækkunar gyðingabyggðarinnar sem kostuðu 6 mannslíf 1976.

Sakhnin er aðeins eitt dæmi af mjög mörgum um „löglega“ kynþáttastefnu Ísraelsríkis.

### Stóra landránið

Þann 22. júní árið 2005 birti ísraelska dagblaðið Ha'aretz greinar undir fyrirsögninni „Stóra landránið í Ísrael“. Það sem gekk fram af ísraelsku blaðamönnum var beiting lagaákvæða sem sett voru árið 1950, skömmu eftir stofnun Ísraelsríkis. Lögin fjalla um

réttindi og eignir fjarstaddir araba, en kjarni þeirra er sá að öll verðmæti, föst og laus, fé og fasteignir (m.a.s. viðskiptavild) þeirra sem hafa yfirgefið eigur sínar þ. 29. nóv. 1947 falli í hendur Ísraelsríkis.

Nú er það staðreynt af mörgum Ísraelskum sagnfræðingum, að 1948 ráku gyðingar palestínska íbúa burt með vopnavaldi, af stórum hluta þess lands sem þeir höfðu búið á í margar kynslóðir. Þeir framkvæmdu það sem í nútímanum kallast þjóðernishreinsun, þ.e. þeir ráku íbúana á brott úr heimahögum sínum m.a. með morðum og árásum. Síðan hafa þessir flóttamenn ekki átt afturkvæmt og því varanlega fjarstaddir frá þeim eignum sem þeir gátu ekki gripið með sér á flóttanum. Þar með hóf hið nýja ríki gyðinga tilveru sína með stórfelldu ráni sem hefur haldið áfram í ýmsum myndum fram á þennan dag. Það var beiting þessara laga gegn Palestínunönnnum sem áttu eignir í Austur-Jerúsalem sem gekk svona fram af blaðamönnum Ha'aretz árið 2005.

### Skolpræsi í stað ávaxtatrjáa

Samtímis því að Olmert forsætisráðherra Ísrael ræðir við ráðamenn heimsins um friðarferli og óskir Ísraels um að lifa í friði þá framfylgir hann allt annari stefnu í raun. Þann 19. maí 2007 tóku Ísraelsk yfirvöld þá ákvörðun að ólöglega landtökubýggðin Efrata þyrfti nýja fráveitu fyrir skolp. Efrata er á landi Palestínumanna eins og allar ólöglegar landtökubýggðir gyðinga. Lega skolplagnarinnar er merkileg þar sem í ljós kom að rörið skyldi leggja í miðjum frjósömum dal þar sem ávaxtatré í eigu Palestínumanna stóðu. Skammt frá Betlehem er þorpið Ertas með sína 400 íbúa og ávaxtatrén í dalnum eru mikilvægasta framfærsluleið þorpsbúa. Í margar vikur reyndu þorpsbúar að telja skipulagsyfyrirvöldum í Ísrael hughvarf en allt kom fyrir ekki. Herinn mætti á staðinn og hélt grátandi þorpsbúum í skefjum meðan gröfur rifu upp og brutu trén. Þessi dalur hefur verið byggður Palestínunönnnum í mörg hundruð ár en landræningjapörpið er nýlegt. Eini tilgangur skolplagnarinnar er að hrekja Palestínumennina burt, gera svæðið óbyggilegt fyrir þá og með þessum hætti getur þjóðfaparpið Efrata vaxið áfram. Öll raunveruleg lög, bæði alþjóðleg og lög lýðræðislanda, eru gerð til þess að vernda réttindi og eignir. En kynþáttalög Ísraelsríkis og kynþáttastefna zionismans eru öðruvísi, kristaltær stefna á fasískum grunni. Olmert heldur áfram að kvaka um frið, en á Internetinu er hægt að sjá aðgerðir Ísraels í Ertas á kvikmynd.

### Rétturinn til búsetu

Rétturinn til búsetu í Ísrael er eitt skýrasta dæmið um mismunum íbúa eftir uppruna og trú. Lög frá árinu 1950, þegar ríkið er aðeins tveggja ára gamalt, kveða á um að allir gyðingar, hvar sem þeir eru búsettir í heiminum, eiga fullan rétt til þess að flytja til Ísrael og setjast þar að. Af 14 milljónum

„Kynþáttabandið misrétti Ísraels er hið daglega líf flestra Palestínumanna. Þar sem Ísrael er gyðingaríki þá öðlast gyðingar sérstök réttindi sem annað fólk fær ekki að njóta.

Palestínarabar eiga engan samastað í „gyðingaríki“. Kynþáttaaðskilnaður er glæpur gegn mannkyni. Ísraelar hafa rænt margar milljónir Palestínumanna frelsi sínu og eignum. Ísrael hefur fest í sessi óhugnanlegt kerfi kynþáttakúgunar og óréttlætis. Þeir hafa skipulega fanglesað og pyntað þúsundir Palestínumanna og brotið alþjóðalög. Hernaður þeirra hefur fyrst og fremst beinst gegn almennum borgurum, og þá sérstaklega gegn börnum.“

*Nelson Mandela*

gyðinga sem fyrirfinnast í heiminum hafa tæplega 6 milljónir kosið að búa í Ísrael en rúmlega 6 milljónir búa í Bandaríkjunum. Miklu fé hefur verið varið til þess að laða gyðinga til landsins og þeim veitt margvísleg fyrirgreiðsla. Aftur á móti er fyrri eigendum landsins sem hertekið var 1948, meinað að snúa aftur og þeir hafa engar bætur fengið fyrir eignaupptöku eða annað tjón sem þeir hafa orðið fyrir vegna aðgerða Ísraelsríkis. Þetta eru að sjálfsögðu arabar, Palestínumenn sem bjuggu á þessum svæðum, kynslóð fram af kynslóð.

Hér blasir við kjarninn í eðli og ætlan zionismans, gyðingar hafa öll réttindi og fullt leyfi til að framfylgja þeim með öllum ráðum. En þeir sem eru í veginum skulu hraktir á brott með kynþáttabundinni lagasetningu eða morðum, dugi hið fyrri ekki til. Engin tilraun zionista til þess að reyna að fela þennan kjarna hrekkur til, öll saga zionismans og Ísraelsríkis sýnir þetta og sannar.

### Afstaða Bandaríkjamanna gagnvart Ísrael

Bandaríkin eru stoð og stytta Ísraelsríkis. Sama hversu langt Ísrael hefur gengið í árásum sínum þá hafa stjórnir Bandaríkjana ávallt stutt aðgerðirnar.

Í bandarískum stjórnámálum nær sá frambjóðandi sem vogar sér að gagnrýna Ísrael ekki langt á framabrotinu. Dæmigerða afstöðu stjórnámálamanns gagnvart Ísrael má finna hjá Hillary Clinton sem nú freistar þess að ná kjöri sem frambjóðandi Demókrata til forsetaembættisins. Nái hún því markmiði sínu þyrftu Ísraelar ekki að örvænta. Í heimsókn til Ísraels 2005 sagði hún að Ariel Sharon „væri hugrakkur maður“ sem „hefði tekið hið erfiða skref að draga

her Ísraels burt frá Gaza“. Hillary hefur greinilega ekki miklar áhyggjur af því að hér er Sharon að yfirgefa hernuminn svæði, hún hrósar landaræningjanum fyrir hugrekki! Hillary notaði einnig tækifærið og stíllti sér upp við múr Ísraels, múrinn sem Alþjóðadómstóllinn hefur dæmt ólöglegan. Og hún stóð við múrinn þar sem hann er byggður inni á herteknu landi og hyllti smíði hans þar sem hann „stöðvaði hryðjuverkamenn“. Ekki orð um hlutskipti Palestínumanna, engar efasemdir um réttmæti múrsins og þær hörmungar sem honum fylgja. Og Hillary er í Bandaríkjunum talin frjálssynd!

Þetta verða Íslenskir stjórnámálamenn að vita

Eins og bent er á fyrr í þessari grein þá hafa Ísraelskir sagnfræðingar byrjað að vinna úr skjölum sem lýsa stofnun ríkisins

og átökunum 1948. Þessi skjöl hafa lengi verið óaðgengileg fræðimönnum en leyndinni hefur nú verið aflétt. Skjölín sanna að það var vísvitund stefna zionista að hrekja eins marga araba burt frá Palestínu og mögulegt var. Foringi Ísraels, Ben Gurion (sem síðar varð fyrsti forsætisráðherra Ísraelsríkis), laug blákalt framan í heiminn þegar hann sagði að kynþáttahreinsun væri ekki markmið zionista. Hið sanna kemur fram í skjölunum: stefnan var sú að hrekja réttmæta eigendur landsins burt með ógn og morðum, og stofna ríkið á stærra landi en Sameinuðu þjóðirnar höfðu samþykkt að úthluta gyðingum. Þessi stefna er enn í fullu gildi og allt tal forystumanna Ísraels um friðarvilja er innantómt skrum og eingöngu gert til þess að reyna að blekkja umheiminn. Íslenskir stjórnámálamenn sem vilja láta til sín taka á þessum vettvangi verða að ganga til leiks með opin augu og grundvallarþekkingu á ástandinu. Þekkinguna er ekki að finna hjá forráðamönnum í Ísrael, Bretlandi eða Bandaríkjunum.

Lokaorð þessarar greinar eru úr bókinni *Hin hliðin á Ísrael* eftir gyðinginn Susan Nathan. Susan er einn þeirra Ísraelsa sem hafa stigið það skref að kynna sér aðstæður og málstað Palestínaraba: „Ísraelar verða að svara þeim erfiðu grundvallarspurningum sem aðferðirnar við stofnun Ísraelsríkis vöktu. Þeir verða að horfast í augu við fortíðina og biðja um fyrirgefningu á gerðum sínum. Það er ekki fyrr en að þeir hafa viðurkennt hið sögulega óréttlæti í garð Palestínubjóðarinnar árið 1948, sem þeir geta hafist handa við að bæta fyrir það.“

# Að deila og drottna

Þessi grein er skrifuð vegna vaxandi áhyggna af átökunum og ástandinu í Palestínu og vonbrigða með hvernig er almennt skýrt frá því í fjölmiðlum. Hefur mér þótt myndin af átökunum og rötum þess óskýr ef ekki all bjóguð.

Af umsögn fjölmiðla mætti halda að aðeins væri um gamla úlfúð milli tveggja hreyfinga, Hamas og Fatah væri að ræða, en fleira hangir á spýtnni. Það ber t.d. lítið á því í fjölmiðlum hér og í raun í vestrænum fjölmiðlum yfirleitt hvernig hinn svokallaði „kvartet“ (en hann skipa Bandaríkin, Rússland, ESB og Sameinuðu þjóðirnar, þó hann sé í raun fyrst og fremst valdataeki Bandaríkjanna) hefur stutt við bakið á Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, og Fatah á kostnað Hamas og andspyrnunnar. Gerðir Abbasar hafa spilað beint upp í hendur aflanna sem vilja sundra Palestínumönnum og spilað á móti Hamas og öðrum stjórnarflokkum og þar með vanvirt niðurstöður frjálstra og lýðræðislegra kosninga sem fóru eins vel fram og völ var á miðað við aðstæður. Eins og margir muna vann Hamas meirihlutasigur í kosningunum 2006. Abbas er eins og strengjabrúða, hann hefur afar takmörkuð völd sem forseti í hernumdu landi og fer fyrir gjörspilltri hreyfingu. Ísraelar ráða einfaldlega því sem þeir vilja ráða. Abbas dansar eftir flautu kvartettsins, hann nýtur æ minna trausts þjóðar sinnar, og er það ekki að undra. Það er lítið minnst á dauðasveitir Mohammeds Dahlan, sem heyra að nafninu til undir Abbas en eru fjármagnaðar og vígvæddar af Ísrael og Bandaríkjunum sem þreytast ekki á að lofa Dahlan og að hann svarar fyrst og fremst til þeirra, eða hvernig Dahlan hefur verið kallaður „Pinochet Palestínu“. Dahlan er ætlað að leggja sitt af mörkum til að gagna á milli bols og höfðus á palestínsku andspyrnunni. Sveitir hans hafa lotið í lægra haldi á Gaza en hann er enn tryggur ráðunautur Abbasar.

Stefna kvartettsins, en til hennar er vísað í fyrirsögninni, er einföld: Divide et impera, Deildu og drottnaðu. Á meðan hann hampar Fatah og hefur þar tryggja samverkamenn, lendir andspyrnan í höndunum á Hamas. Það fer heldur ekki mikil fyrir þeirri staðreynd að upplausn lögmætt kjörinnar stjórnar og skipun neyðarstjórnarinnar var skýrt brot á palestínskum lögum. Eins er tönnlast á stjórninni sem „Samsteypastjórn Hamas og Fatah“, rétt eins og það hafi verið einu flokkarnir sem skipuðu hina lögmætu þjóðstjórn. Fleiri flokkar áttu hins vegar fullttúa í stjórninni, t.d.

Palestínska þjóðarfrumkvæðið, flokkur Íslandsvinansins og læknisins dr. Mustafa Barghouti, en hann var skipaður upplýsingaráðherra þjóðstjórnarinnar. Þá má nefna flokkana Þriðju leiðina og Píslarvætti Abu Ali Mustafa (framboð Alþýðufylkingar til frelsunar Palestínu, PFLP). Ofuráhersla er lögð á að útmála Hamas sem „vöndu gæjana“ og Fatah og Abbas sem „góðu gæjana“, „hófsömu gæjana“ eða alltént „hina skárra af tveimur vöndum kostum“. Við megum endilega ekki að gleyma að Hamas er „herská íslömsk hreyfing sem viðurkennir ekki Ísrael“. Það eru ekkert meiri blómabörn í vopnuðum armi Fatah heldur en eru í Hamas, nema



Eftir  
Einar Stein  
Valgarðsson

að þeir fyrrnefndu hafa verið Ísraelum heldur þægari ljár í þúfu upp á síðkastið, eins og áður er getið. Ísraelsher hefur drepit miklu fleiri en Hamas, þó heyrir maður hann aldrei kallaðan „herskán“, nema að það sé einfaldlega talið liggja í hlutarins eðli. Hamas hafa margoft lýst sig reiðubúna að semja frið byggðan á því að Palestínumenn fengju ríki miðað við landamærin 1967, sem þó væri ekki nema um 22% af upprunalegri Palestínu. Það er hræsni að krefjast þess að Palestínumenn „viðurkenni Ísrael“, sem hefur ekki einu sinni tiltekið landamæri sín á meðan engin krafa er gerð um að Ísrael virði rétt Palestínumanna til sjálfstæðs ríkis. Ísraelskum ráðamönnum hefur hvorki hugnast palestínskt ríki miðað við landamærin 1967 né sameiginlegt ríki Ísraela og Palestínumanna þar sem allir væru jafn rétt háir. Þáttur trúarbragða hefur líka verið stórlega ýktur. Hvaða hernumin þjóð sem er myndi rísa upp til andspyrnu þegar þeirra eigin fulltrúar gerðust samverkamenn hernámsins. Það skýrir ummæli hins virta ísraelska friðarsinna Uri Avnery, í grein hans, „Crocodile Tears“, þegar hann segir frá því að ýmsir langtíma stuðingsmenn Fatah sem hann hefur rætt við hafi sagt að Hamas standi nú hjarta þeirra nær en Fatah, þó þeir séu enn tryggir síðarnefndu hreyfingunni. Ekki er

heldur að undra að mörgum finnst þeir vera ráðvilltir. Það er ekki auðvelt að horfa upp á það að hreyfingin sem maður hefur alist upp við og sýnt tryggð bregðist manni. Því eru allar líkur á því, eins og Avnery bendir á í grein sinni, að íbúar Gaza muni styðja Hamas gegn hernámsliðinu og handbendi þess og að íbúar Vesturbakkans muni í kjölfarið gera slíkt hið sama.

Aðrar kröfur kvartettsins hafa einmitt verið að Hamas leggi niður vopn, láti af ofbeldi og virði gerða samninga. Hvernig er hægt að fara fram á allt slíkt við andspyrnuhreyfingu sem býr við hernám sem nú hefur varað í 40 ár, þegar Ísrael gerir ekkert af þessu? Það er ekki einu sinni farið fram á það við Ísrael, sem heldur þvert á móti uppteknum hætti, og ástandið hriðversnar dag frá degi. Loks er það fjársveltíð sem hefur hert sultaról Palestínumanna. Ég leyfi mér að kalla það glæp gegn mannkyni þegar heil þjóð er svelt fyrir að kjósa öðruvísi í frjálsum og lýðræðislegum kosningum en hugnast vestrænum valdhöfum. Það er verið að brjóta innviði Palestínu niður. Fólkið lepur dauðann úr skel og er ekki aðeins þjakað af hernámsliðinu, heldur einnig af ofbeldinu meðal eigin landa, sem hernámið og styrktaraðilar þess hafa kynt undir.

Undirritaður vonar að lesendum sé ljóst hvíllík fásinna það eru þegar fjasað er um valdaránstíraunir Hamas. Hamas voru löglega kjörnir, og Vesturveldin, yfirlýstir málsvarar lýðræðisins, snerust gegn þeim og refsa Palestínumönnum sem heild fyrir að fara ekki að vilja Vesturveldanna. Um leið og Abbas rænir svo völdum og skipar aðra stjórn í trássi við lýðræðisreglur, er henni hampað af Vesturveldum. Eftir að hafa skipað neyðarstjórnina hefur hann svo aftur stokkað upp í henni, en núverandi stjórn er eftir sem áður valdaránstjórn.

George W. Bush Bandaríkjaforseti talar fjálglega um hvernig Bandaríkjamenn og félagar séu að „styðja lýðræðið í Mið-Austulöndum“. Það er ekki laust við að mér verði hugsað til bókarinnar 1984 eftir George Orwell, þar sem kjörorðið var „Stríð er friður – frelsi er ánauð – fáfræði er styrkur“, slík eru öfugmælin og hringavitleysan. Eins má sjá hversu mikill hugur fylgir í raun máli hjá Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, er hann segist ætla að „styrkja Abbas“ samtímis því að ísraelskir hermenn gera itrekað árásir á Vesturbakkann til að handtaka eða drepa handtaka Fatah-liða.

Íslendingar áttu þess kost að viður-  
Framhald á bls. 23

# Hugleiðingar úr Palestínuferð

Það er óneitanlega forvitnilegt fyrir Íslending sem alinn hefur verið upp í kristnisögu að ferðast um biblíuslóðir. Gamla borgin í Jerúsalem, Nasaret, Betlehem, Magdalir, Jórdaná, Genesaretvatnið og Dauðahafið. Allt svo ótrúlega nálægt hvert öðru.

En tilfinningarnar eru blöndnar því ennþá ríkir óréttlætið á þessu tiltölulega litla og afmarkaða landsvæði. Og strax þegar farið er að ferðast um verður ferðamanninum óréttlætið ljóst. Landamærin sem hlykkjast um að því virðist á tilviljankendan hátt eru mörkuð af fjallháum múr sem skilur að velmegun og fátækt. Öðrumegin er allt hreint og fínt, falleg íbúðahverfi, gosbrunnar og vatnagarðar. Hinum megin er vatnspurrð, húsín vanrækt og rusl um allt. Óréttlætið felst meðal annars í því að Ísraelstjórn skattleggur allt svæðið en skilur sáralítið fjármagn og stundum ekkert eftir hjá heimastjórn Palestínumanna. Vatninu er hreinlega stolið með haganlega gerðum lögnum yfir landamærin.

## Gíraffar

Hinn alltumlykjandi múr Ísraelshers er sennilega á fáum stöðum eins yfirþyrmandi og í kringum borgina Qalqilya. Borgin er umkringd múrum, orðin að gettói eða fangelsi þar sem stöðugt er þrengt að íbúum. Hin mikla verslun sem áður var stunduð vegna nálægðarinnar við Ísrael er nánast aflögð og bændur og landbúnaðarverkafolk geta vart stundað vinnu sína þar sem múrinn lokar leiðinni að okrunum.

Það var vel tekið á móti okkur í ráðhúsinu. Að vísu gat borgarstjórinn ekki hitt okkur því hann er í fangelsi í Ísrael. Sömu sögu er að segja um varaborgarstjórn og 4 borgarfulltrúa.

Þetta fólk er í fangelsi fyrir þá sök eina að hafa verið kosið í borgarstjórnina. Kosning borgarfulltrúa kostaði þá fangelsisvist í ísraelsku fangelsi þar sem pyntingar eru daglegt brauð og engin veit hvort og þá hvenær þau snúa aftur.

Að afloknum fundi með varavaborgartjórnunum fórum við í stutta skoðunarferð um borgina og enduðum í dýragarði, en hann var eitt helsta stolt borgarbúa. Þar var á grasflöt í skugga hávaxinna trjáa skellt upp langborði og okkur borin dýrindis veisla fjölmargra rétta.



Eftir  
Þorleif  
Gunnlaugs-  
son

Snaggaralegur kynningarfulltrúi borgarstjórnarinnar sem var með okkur allan tímann í Qalkylia hóf að segja okkur sögu af dýragarðinum.

Fyrir nokkrum árum, þegar árásir Ísraelshers stóðu sem hæst beindust augu þeirra að þessum fallega dýragarði. Allt í einu fóru þeir að skjóta táragsi og annarri ólyfjan inn í garðinn. Börnin sem voru í skólanum í útjaðri garðsins urðu að flyja og dýrin tóku að veikjast og drepast. Gíraffaparið fór ekki varhluta af þessari villimennsku. Annar þeirra drapst úr eitrun og hinn, nokkru seinna, úr sorg.

Þessum árásum Ísraelshers var ekki beint gegn hernaðarlegum skot-



**Hann fór ekki nákvæmlega í það og það var greinilegt að honum reyndist erfitt að ræða þetta mál en eitt var víst: Fangavistin var skelfileg lífsreynsla og pyntingar daglegt brauð.**

mörkum, ekki gegn skæruliðum eða skotpöllum. Árásunum var beint gegn því sem mörgum íbúum Qalqilya, og þá sérstaklega börnunum, þótti hvað vænst um, dýrunum í dýragarðinum. Í bók hershöfðingjanna má finna þetta í kaflanum um sálrænan hernað. Íbúar borgarinnar stoppuðu gíraffaparið upp og sendu það til Þýskalands. Skilaboðin eru skýr.

## Tregi

Við þóttum heppnir þegar við fengum leyfi hjá þungvopnuðum unglingum úr Ísraelsher að keyra inn í Nablus. Borgin sem er ívið stærrí en Reykjavík er umkringd hermönnum og yfirleitt er þess krafist að ökutæki séu skilin eftir við vegatálma hersins. Þetta er skýringin á því hvað leigubílaflotinn er stór víða í Palestínu. Þurfi sárafátækt alþjóðfolk að bregða sér af bæ verður það að standa tímunum saman við oft í brennandi söl í biðröð við vegatálmana og taka síðan leigubíla á áfangastað.

Bílstjóranum okkar, sem var ungur og sterkbyggður maður um þritugt, var meinilla við að fara til Nablus. Konan hans var greinilega skelfingu lostin og var sífellt að hringja. Ástandinu í borginni er líkt við það sem nú ríkir á Gasa og á hæðinni fyrir ofan miðborgina blasa við fallbyssukjaffar Ísraelshers í slíkri nánd að um mann fer hrollur. Við ókum fram hjá rústum mikilla bygginga sem búið var að skjóta í tætlur. Í einni byggingunni var fangelsi og þar voru tveir fangar sem Ísraelsher vildi feiga. Fangarnir sluppu en fjölmargir aðrir létu lífið.

Við borðuðum dæmigerðan margréttaðan arabískan kvöldverð á svölum hótelsins í Nablus og bílstjórnin okkar hóf að segja brot af sögu sinni. Þegar hann var 17 ára var hann handtekinn fyrir grjótkast og dæmdur í árs fangelsi. Hann fór ekki nákvæmlega í það og það var greinilegt að honum reyndist erfitt að ræða þetta mál en eitt var víst: Fangavistin var skelfileg lífsreynsla og pyntingar daglegt brauð. Kannski var hann að afsaka ótta sinn við að fara inn í Nablus, en í dag á hann konu sem honum þykir mjög vænt um, og 2 yndisleg börn.

Það var sterk reynsla að koma í flóttamannabúðir í Nablus. Á einum ferkilómetra búa um 25.000 manns við



vægastsgaterfiðaraðstæður. Við þröngar götur standa hús þakin kúlnagötum sem bera vitni um það að nánast á hverri nóttu, oft undir morgun, koma ísraelsku hermennirnir inn í búðirnar. Hermennirnir segjast iðulega vera að leita eftir hryðjuverkamönnum og skjóta á allt sem fyrir er. Þeir eru þjálfaðir í því, að komi þeir auga á barn við þessar aðstæður, sé hryðjuverkamaður þar að baki og rétt að skjóta. Þetta er ein ástæða þess fjölda barnamorða sem á sér stað í landinu. Við rákum augun í plakát á vegg en á því var mynd af ungum dreng. Íbúarnir sögðu okkur að hann hefði verið skotin í höfuðið fyrir nokkru síðan. Þeir sýndu okkur gluggann sem hann leit út um, þessa örlagaríku nótt, og leiddu okkur til föður hans sem sat fyrir utan kaffihús neðar í götunni. Þabbinn reyndi að segja

okkur söguna af því hvernig hann missti 5 ára son sinn, en bara gat það ekki og snéri við okkur baki. Barnamorð flokkast líka til sálræns hernaðar.

#### Hundsun

Langvarandi sálrænn hernaður Ísraela gegn Palestínu virkar að sjálfsgöðu. Utan þess sem að ofan er talið skapar svefnleysið af völdum sprengjagnýs og skothríða, og gríðarlegt atvinnuleysi og fátækt, aukði ofbeldi á heimilum. Övæntingin og reiðin ýta fólki út í óyndisúrræði, svo sem sjálfsmorðssprengingar, sem eru þó sem betur fer orðnar fátíðar í dag.

Samfélagið hefur skipulega verið brotið niður, heimastjórnin svelt svo hún getur ekki einu sinni sinnt sorphirðu sómasamlega, né heldur löggæslu. Lýðræðislegar

Eru það ábyrgðarlausar ýkjur að líkja meðferðinni á Palestínumönnum við glæpsamleg hryðjuverk og fjöldarefsingu nasista? Ég held ekki. Síðustu atburðir á Gaza vekja sérstakan ótta, því þeir sýna svo skýrt vísitáða áætlun Ísraela og þeirra stuðningsmanna um að undiroka heilt samfélag og búa því lífshættulegar aðstæður í fullkominni grimmd.

Með því að lýsa þessu framferði Ísraela sem yfirvofandi helför, er gerð örvæntingafull tilraun til þess að höfða til stjórnvalda hvarvetna og almenningsálitsins, svo að gripið verði strax til aðgerða til þess að hindra þessa tilburði til þjóðarmorðs, áður en þeir ná hámarki í fjöldaharmleik.“

Höfundur þessarar orða er Richard Falk, bandarískur gyðingur, prófessor emeritus í alþjóðalögum við Princeton háskólann.

*Hjálmtyr Heiðdal*

kosningar þar sem Palestínumenn kusu breytingar og mynduðu stjórn með 96% þingstyrk voru algerlega hunsaðar af alþjóðasamfélaginu og Ísraelsher gefið skotleypi á kjörna fulltrúa.

Það er öllum ljóst að Ísraelsríki gengur stöðugt gegn samþykktum Sameinuðu þjóðanna og ákvæðum Genfarsáttmálans. Vilji alþjóðasamfélagið styðja Palestínumenn í friðsamlegum aðgerðum gegn ofbeldinu verður að sýna það í verki. Ástandið í Palestínu er orðið að mörgu leyti verra en það var í Suður-Afríku á sínum tíma. Forystumenn Palestínumanna, á borð við dr. Mustafa Bargouthi sem mörgum Íslendingum er kunnur, biðja umheiminn um að hundska Ísrael á svipaðan hátt og Suður-Afríkustjórn var hunsuð.


Til þess eru margar leiðir. Það má slíta á pólitísk tengsl. Það má slíta samstarfi á sviði íþróttar og það má slíta öll menningartengsl. Það er mörgum til dæmis ráðgáta vegna hvers Ísrael er þáttakandi í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, eitt landa utan álfunnar. Auðvitað líta margir Palestínumenn á það sem stuðning við kúgarann.

Íslendingar geta vel gengið á undan í þessu máli. Það er löngu orðið ljóst að viðræður eru ekki til neins einar og sér. Ísraelsstjórn svíkur alla samninga einfaldlega vegna þess að ráðamenn þar á bæ eru glæpamenn sem ekki virða alþjóðalög né almenn mannréttindi. Raunverulegar breytingar verða eingöngu ef Ísrael á sér ekki annan kost vænni.

# Haturshverfið í Hebron

Eftir þriggja daga þjálfunarprógram í höfuðstöðvum ISM í Ramallah lá leiðin til Hebron. Ég settist að í íbúð alþjóðaliða í Tel Rumeida-hverfinu, sem er undir stjórn Israels. Þar búa 35 þúsund Palestínუმenn, og innan um þá 500 ísraelskir landtökumenn sem hafa sest þar að í trássi við alþjóðalög. Hlutverk sjálfboðaliðanna á staðnum er að fylgjast með vegatálmum sem umkringja byggðir Palestínუმannanna, og vernda þá gegn yfirgangi landtökumanna og hermanna. Einnig studdum við mótmæli Palestínუმanna gegn hernáminu.

Hebron er sú borg í Palestínu þar sem ísraelskir landtökumenn hafa lagt hvað mest svæði undir sig. Því fylgir mikil spennan og ofbeldi. Það sló mig mjög í Hebron, hvað árásir landtökumanna á hina innfæddu voru orðnar daglegt brauð. Í Tel Rumeida, þar sem ástandið er einna verst, er eins og Palestínუმennirnir



Eftir Magnús Stephensen

séu orðnir vanir því að vera svívirtri. Við aðalgötuna í Tel Rumeida blakta ísraelskir fánar, án þess að neinn þori að fjarlægja þá, af ötta við hefndir. Meira að segja börn verða vör við kúgunina og þurfa að forðast að vera úti, eins og fullorðnir. Þeir Palestínუმenn sem eru svo heppnir að hafa vinnu eru vanir því að þurfa framvísa persónuskilríkjum og gangast undir líkamsleit að minnsta kosti tvisvar á leið til vinnu. Það er furðuleg sjón að horfa upp á palestínska konu sýna hermanni allt sem hún er með í töskunni sinni, og sýna ekki frekar



svipbrigði en Íslendingur gerir þegar hann borgar fargjald í strætó. Svona er bara lífið hjá henni; dag eftir dag.

Ísraelski herinn hefur lokað 1800 verslunum í Hebron með þeim fyrirslætti að þær séu „of nálægt“ landtökubýgðunum. Eitt af verkefnum okkar var að standa vörð um verslanir í elsta hluta Hebron. Þegar hermennirnir komu, tilbúnir að loka verslunum, kröfðum við þá um skrifleg fyrirmæli. Slíka pappíra höfðu þeir sjaldnast og gripu því ekki til aðgerða, sérstaklega vegna þess að myndavélalinsurnar okkar fylgdust með öllu fór fram. Nokkrum vikum seinna komu þeir svo aftur og voru þá með fyrirmælin með sér. Við gátum þá lítið gert, og þeir komu vilja sínum fram. Þá gat kaupmaðurinn ekkert gert annað en að leita réttar síns fyrir dómstólum.

Aðra daga fylgdumst við sjálfboðaliðarnir með gangi mála á vegatálmum, og hjálpuðum líka til í félagsmiðstöð. Stundum komu landtökumenn og grýttu sjálfboðaliða og Palestínუმenn. Oft lauk þeirri viðureign með því að við komum með myndavélar í höndunum og spurningar á vörnum og hermennirnir létu sig þá hverfa. Það var ólýsanleg tilfinning að finna með svona beinum hætti að maður gæti haft einhver áhrif til góðs í þessum heimi.

Ég get hiklaust mælt með því að fólk fari til Palestínu og vinni með ISM. Þegar ég lagði af stað var ég efins um að ég mundi gera raunverulegt gagn, og hélt að ISM-fólkið væri kannski einum af róttækt fyrir minn smekk – en annað kom svo sannarlega á daginn.

Ef einhver vill vita meira er velkomið að skrifa mér:

[magnus.stephensen@gmail.com](mailto:magnus.stephensen@gmail.com).

# Sabra og Shatila

Í haust voru 25 ár liðin frá einum myrkasta kafla í sögu Palestínu, fjöldamorðunum í Sabra og Shatila-flóttamannabúðunum nærri Beirút. Dagana 15.–17. september 1982 sat ísraelski herinn um flóttamannabúðirnar og slepti dauðasveitum líbanskra falangista lausum inn í þær. Eftir blóðbaðið lágu meira en 2000 Palestínumenn í valnum, að langmestu leyti konur, börn og gamalmenni. Þessi slátrun var hluti af hernaði Ísraels í Líbanon, þar sem Ariel Sharon lék eitt stærsta hlutverkið, með fullum stuðningi Reagan-stjórnarinnar í Bandaríkjunum. Tilgangur innrásarinnar var að þurrka Frelsisamtök Palestínu (PLO) út og setja upp leppstjórn í Líbanon.

Allt sumarið lá Beirút undir miskunnarlausri skothríð og loftárásum Ísraels, sem kostuðu yfir 20.000 manns lífið, langfesta óbreytta borgara. Í september voru andspyrnuhreyfingar Líbana og Palestínumanna knúðar til vopnahlés og PLO féllst á að flytja sig um set, til Túnis. Í staðin ábyrgðust Ísraelar öryggi flóttamannanna, sem voru alls um 300.000 talsins, eða rúm 10% af íbúum



Eftir  
Véstein  
Valgarðsson

landsins. Öryggi flóttamannanna var afar mikilvægt atriði, því vitað var að líbanskir falangistar biðu eftir tækifæri til að slátra þeim ef þeir gætu.

Þegar stríðsmenn PLO voru farnir, þann 15. september, voru búðirnar alglega umkringdar af ísraelska hernum. Varnarmálaráðherrann Ariel Sharon lýsti því yfir að hann teldi PLO-menn ennþá vera í felum meðal fólksins. Hann bauð því falangistum, undir forystu Elie Hobeika, að „hreinsa út hreiður hryðjuverkamanna“. Falangistar létu ekki segja sér það tvisvar og við tók heil helgi af ólýsanlegum hryllingi.

Falangistar nauðuguðu, pyntuðu og myrtu með köldu blóði, með vitund og

vilja ísraelskra herforingja og stjórnmalámannanna. Þegar fréttirnar spurðust út um heiminn gaus upp slík alda af hneykslun, reiði og viðbjóði að Ísraelar sáu sig knúna til að láta rannsóknarnefnd fara yfir hvað gerðist. Kahan-nefndin úrskurðaði að Sharon væri „óbeint ábyrgur“ og hann sagði af sér varnarmálaráðuneytinu (en var áfram ráðherra án ráðuneytis). Sabra og Shatila voru hvorki fyrstu né síðustu fjöldamorðin sem hann bar ábyrgð á, og það segir sitt að þessi stríðsglæpamaður átti á endanum eftir að verða forsætisráðherra.

Tuttugu og fimm árum seinna halda arftakar Sharons ennþá kverkataki á Palestínumönnum, og arftakar Reagans styðja þá ennþá til hins ítrasta. Þeim tókst ekki að brjóta Palestínumenn á bak aftur í september 1982 en þeir halda áfram að niðast á þeim með hræðilegum ofbeldisverkum. Það er liðinn aldarfjórðungur, en keðja óréttlætisins og ofbeldisins er ennþá óslitin. Martróðin grúfir ennþá yfir, ekki bara vegna þess að hún sé ógleymanleg, heldur vegna þess að henni er ekki ennþá lokið.

## Að deila og drottna

Framhald af bls. 19

kenna lögmætt kjörna stjórn Palestínu og taka upp samskipti við hana eins og margir urðu til að hvetja til, og var þar Félagið Ísland-Palestína í fararbroddi. Þverpólitísk samstaða var um þetta milli formanna allra flokka nema Sjálfstæðisflokks, þar sem Geir Haarde lýsti því yfir að slík umræða væri ekki „tímabær“ og nefndi einnig að hann væri „ekki sérlega hrifinn af Hamas“.

Skoðanir ráðamanna á flokkum í ríkisstjórn, hvað þá ef hann er aðeins einn af mörgum, eiga varla að ráða milliríkjasamskiptum þjóða. Umræðan var líka ekki síður tímabær en svo, að nú er of seint að viðurkenna hina lögmætt kjörnu þjóðstjórn þar sem hún hefur verið leyst upp. Það verður forvitnilegt að sjá hvort íslensk stjórnvöld viðurkenna núverandi stjórn Abbasar, sem er skipuð í trássi við palestínslög, hafandi glatt að tækifærinu til að viðurkenna hina lögmætu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fór fyrir stuttu til Mið-Austurlanda að kynna sér aðstæður og kom þá m.a.

til Ísraels. Ljóst er að Ingibjörg hefur ekki fengið sérlega greinagóða mynd af viðræðum við fulltrúa hernámsslöðsins og samverkamenn þeirra. Helst bind ég vonir við að viðræður við palestínsku þingkonuna Hanan Ashrawi, og heimsóknin til flóttamannabúðanna í Betlehem, hafi getað sýnt henni þann raunveruleika sem Palestínumenn búa við. Heimsókn til Gaza var sleppt „af öryggisástæðum“ svo þar missti hún strax af miklu, því fátt hefði fremur getað sýnt henni dýpt vandans. Hverjir skyldu annars hafa ráðlagt henni að forðast Gaza? Ef til vill þeir sömu og þvertaka fyrir nokkrar viðræður við Hamas? Hvernig ætla menn að beita sér fyrir friði ef þeir neita að tala við helstu málsaðila?

Ef Íslendingar vilja leggja sitt af mörkum til að reyna að stuðla að friði í Mið-Austurlöndum er vissulega vert að byrja á því opna sári sem hefur verið þungamiðjan í átökunum þar svo áratugum skiptir. Það væri verðugt lóð á vogarskálarnar. Mikilvægt er þá að mynda sér fordómalaus afstöðu, og

kynna sér málin af eigin frumkvæði, eftir því sem efni standa til.

Fyrir þá sem vilja kynna sér nánar ástand mála og rætur þess vil ég mæla með nokkrum ítarlegum greinum sem veita góða innsýn og stuðst var við við samningu þessarar greinar. Auk áður nefndar greinar Uri Avnery bendi ég lesendum á greinarnar „40 Bad Years“, „Crocodile Tears“ og „Saving President Abbas“ eftir sama höfund, en þær má allar finna á heimasíðu ísraelsku friðarsamtakanna Gush Shalom, [www.gush-shalom.org](http://www.gush-shalom.org). Þá vek ég athygli á greininni „Whose Coup Exactly?“ eftir Virginu Tilley sem finna má á heimasíðu Electronic Intifada, <http://www.electronic-intifada.net>. Loks minni ég á heimasíðu Félagsins Ísland-Palestína, [www.palestina.is](http://www.palestina.is), fyrir hvern þann sem vill fræðast meira um málefni Ísraels og Palestínu.

*Höfundur er í BA-námi í ensku og kvikmyndfræði í Háskóla Íslands og er meðlimur í Félaginu Ísland-Palestína. [Greinin birtist upphaflega í Lesbók Morgunblaðsins þann 28. júlí 2007]*



Málgagn Félagsins Ísland-Palestína  
2. tbl. 18. árg. – Nóvember 2007

Ritstjóri: Vésteinn Valgarðsson  
Útlit og umbrot: Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:  
*Sveinn Rúnar Hauksson*, formaður  
*Eva Líf Einarsdóttir*, fyrsti varaformaður  
*Borgþór S. Kjærnested*, annar varaformaður  
*Vésteinn Valgarðsson*, ritari  
*Eldar Ástþórsson*, gjaldkeri  
*Einar Teitur Björnsson*, sölustjóri  
*Egill Bjarnason*, sjálfbóðaliðastjóri  
*Anna Tómasdóttir*, neyðarsöfnunarstjóri  
*Hjálmtyr Heiðdal*, kynningarstjóri

*Quassay Odeh*, framkvæmdastjóri Matar og menningar  
*Yousef Tamimi*, sniðgöngustjóri

Póstfang:  
Félagið Ísland-Palestína  
Depluhólar 9, 111 Reykjavík  
Sími: 895 1349  
Heimasíða: [www.palestina.is](http://www.palestina.is)  
Netfang: [palestina@palestina.is](mailto:palestina@palestina.is)

# Afmælisfundur FÍP í Norræna húsinu 29. nóvember 2007

*Húsið opnar kl. 19.30, fundurinn hefst kl. 20.00.  
Hljómsveitin *Bardukha* leikur frá kl. 19.45*

*Dagskrá:*

*Ávarp:*

*Dórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra*

\*

*Ingibjörg Haraldsdóttir skáld les upp*

\*

*Ræða:*

*Sveinn Rúnar Hauksson læknir, formaður FÍP*

\*

*Dúettinn Picknick: *Sigga Eypórs* og *Steini í Hjálmu**

\*

*Stutt heimildamynd frá *Gaza* og *Vesturbakkanum**

*Nýtt efni úr ferð Sveins Rúnars í nóvember 2007.*

*Klipping: *Hjálmtyr Heiðdal**

*Fundarstjóri: *Ögmundur Jónasson* alþingismaður*

Viðtakandi: